

Björn Jón Bragason

**Aðdragandi falls  
Landsbanka Íslands hf.  
Greinargerð í ágúst 2009**

## Aðdragandi falls Landsbanka Íslands hf.

*Hér að neðan greinir í tímaröð frá ýmsum atburðum í aðdraganda falls Landsbanka Íslands hf. í októbermánuði 2008. Greinargerð þessi er unnin að beiðni fyrrverandi eigenda Samsonar ehf.\**

*Hér að neðan verður atburðarásin rakin frá mánuði til mánaðar á árinu 2008 og frá degi til dags þegar svo ber undir. Um sumt er stiklað á stóru og einstaka málum gefin nánari gaumur. Oft og tíðum ræðst það af heimildunum sjálfum. Hér er að mestu byggt á vitnisburðum heimildarmanna, skýrslum fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, fjölmiðlaumfjöllun og öðru tilfallandi efni.*

### Febrúar

Snemma árs hélt Davíð Oddsson seðlabankastjóri til Lundúna, ásamt öðrum fulltrúum Seðlabankans, til viðræðna við þarlenda ráðamenn. Íslendingunum mun hafa orðið svo brugðið við lýsingu Bretanna á áhrifum lausafjárþrenginga á stöðu íslensku bankanna að forystumenn stjórnarflokkanna, aðrir ráðherrar og embættismenn, voru kallaðir saman til fundar og lesin yfir þeim skýrsla um ástand mála.<sup>1</sup>

### Mars

Á ársfundi Seðlabankans síðla í marsmánuði lét Davíð Oddsson, seðlabankastjóri og formaður bankastjórnar, svo um mælt að „atлага erlendra aðila að íslensku efnahagslífi“ myndi ekki takast, heldur yrði henni hrundið. Geir H. Haarde tilkynnti í erindi á sama fundi að ræða þyrfti við seðlabanka þeirra ríkja þar sem íslensku viðskiptabankarnir væru umsvifamiklir og komast að samkomulagi um varnir og tryggingar ef í harðbakkann slægi. Þá þyrfti einnig að auka gjaldeyrisvaraforðann með stórrí lánstöku erlendis.<sup>2</sup>

---

\* Samson ehf. fór með 42% eignarhlut í Landsbankanum, en það félag var til helminga í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar. Hér í upphafi er rétt að taka fram að Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, var erlendis frá og með 1. október 2008 af persónulegum ástæðum. Kom því í hlut Björgólfs Thors, stjórnarformanns Samsonar ehf., að taka við hlutverki föður síns hina örlagaríku daga fyrir fall bankans, en Björgólfur Thor hafði fram til þessa tíma nánast ekkert komið að málefnum Landsbanka Íslands hf. og var hann staddur hér á landi í einkaerindum, sunnudaginn 28. september, er hann fékk fregnir af erfiðleikum Glitnis, sem þá voru til skoðunar í Seðlabanka.

Björgólfi Thor til halds og trausts í þessa daga voru persónulegir ráðgjafar hans, þeir Birgir Már Ragnarsson og Heiðar Már Guðjónsson, auk Andra Sveinssonar, sem jafnframt átti sæti í bankaráði Landsbanka Íslands hf. Aðkoma Björgólfs Thors og hans ráðgjafa að þessum málum helgast af miklum viðræðum sem áttu sér stað þessa daga um breytingar á eignarhaldi Landsbankans og sameiningu við aðra banka, Straum-Burðarás fjárfestingarbanka hf. og Glitni banka hf.

<sup>1</sup> Ræða Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, á morgunfundi Viðskiptaráðs Íslands, 18. nóvember 2008.

<sup>2</sup> Ávarp Geirs H. Haarde á ársfundi Seðlabanka Íslands, 28. mars 2008. forsætisraduneyti.is.

Í marsmánuði fóru fram þreifingar um sameiningu Landsbankans og Glitnis. Ráðgjafi í því máli var Bank of America. Hugmyndin var þá sú að Landsbankinn tæki yfir rekstur Glitnis. Fulltrúar Bank of America töldu þetta ekki vænlegan kost. Slík sameining væri of miklum annmörkum háð og þar að auki var álitid að aðstæður á mörkuðum myndu óðar batna, en reyndin varð önnur.<sup>3</sup>

### *Icesave-reikningar Landsbankans*

Landsbankamönnum var mikið í mun að koma innlánsreikningum bankans á Bretlandseyjum í breskt dótturfélag, en í útibúi Landsbankans í Lundúnum var tekið á móti innlánnum frá árinu 2006. Innlánastarfsemin var rekin undir vörumerkinu Icesave. Innlánastarfsemi bankans var í öllum tilfellum rekin á grundvelli starfsleyfa á hverjum stað og þar sem hún var rekin í útibúi var einnig gengið frá samkomulagi milli tryggingasjóða innistæðueigenda á hverjum stað um fyrirkomulag innistæðutrygginga áður en starfsemi hófst.<sup>4</sup>

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að þegar Icesave reikningum bankans var ýtt úr vör árið 2006 hafði bankastofnun ekki orðið fyrir áhlaupi í hinum vestræna heimi síðan 1929 og aðgangur að lánsfé var greiður. Það var fjarlæg hugsun fyrir flestum að reynt gæti á tryggingasjóði innistæðueigenda. Síðsumars 2007 urðu fjármögnunarleiðir næsta ófærar vegna stórfelldra tapa sökum svokallaðra undirmálslána og annarra tengdra fjármálagjörninga í Bandaríkjunum. Flæði fjármagns tepptist mjög við það vantraust millum fjármálastofnana sem fylgdi í kjölfarið. Landsbankinn hafði þó ekki fjárfest í umræddum fjármálageringum, en bankar hófu nú í auknum mæli að líta til innlána sem traustari grundvallar fjármögnunar. Hjá Landsbanka Íslands voru 63% útlána fjármögnuð með innlánnum.<sup>5</sup>

Vorið 2008 varð neikvæð umræða í Bretlandi um veikleika sameiginlegra innlánatryggingakerfa, líkt og giltu um Icesave. Landsbankamenn lögðu því til í viðræðum við bresk stjórnvöld að innlánsreikningar í útibúi Landsbankans í Lundúnum yrðu færðir í breskt dótturfélag þá þegar á sama ári. Þær viðræður gengu stíðlega, þar sem breska fjármálaeftirlitið vildi fremur að settar yrðu reglur um lausafé, en að starfsemin yrði færð í dótturfélag.<sup>6</sup> Í mars hófust viðræður milli Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins um lausafjárstýringu í útibúi bankans í Lundúnum. Hinn 29. mars lauk þeim viðræðum með niðurstöðu sem fól í sér að samstæða Landsbankans í heild sinni tók upp lausafjárstýringu eftir breskum reglum. Frá og með 29. mars og allt þar til Landsbanki Íslands hætti eiginlegri starfsemi laut hann starfaði hann undir bresku eftirliti og laut breskum lausafjárstýrreglum.

<sup>3</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>4</sup> Hér er byggt á heimildum frá fyrrverandi bankastjórum Landsbankans, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni.

<sup>5</sup> Ársfjórðungskynning fyrir fyrsta ársfjórðung 2008.

<sup>6</sup> Hér er byggt á heimildum frá fyrrverandi bankastjórum Landsbankans, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni.

### Apríl

Hinn 7. apríl samþykkti bankaráð Landsbanka Íslands samhljóða á fundi sínum að Icesave-innlánsreikningar bankans í Bretlandi skyldu færðir í sérstakt dótturfélag. Bankastjórar Landsbankans kynntu fyrir bankaráðinu á þessum fundi að ákveðið hefði verið hefja vinnu við sameiningu útibús Landsbankans í Lundúnum og Heritable bankans í einn breskan banka, en Heritable bankinn í Lundúnum var dótturfélag Landsbankans. Bankastjórnir gerðu bankaráðinu grein fyrir því að tækist þetta yrðu Icesave reikningarnir undir breskri umsjá og alfarið háðir breskum innlánatryggingum.<sup>7</sup>

Á þessum sama fundi bankaráðsins kynntu bankastjórnir hugmyndir um frekari útfærslu innlánsreikninga til annarra landa, en lögðu samt áherslu á að leggja yrdi sem minnst á íslenska innlánakerfið heldur leitast við að taka á móti innlánunum í dótturfélagum eða í erlendum útibúum á hverjum stað.<sup>8</sup>

Geir H. Haarde forsætisráðherra átti fund með Gordon Brown, breskum starfsbróður sínum, hinn 24. apríl. Efni fundarins er á reiki því tvær ólíkar fréttatilkynningar voru sendar út. Fréttatilkynningin á heimasíðu forsætisráðuneytisins er svohljóðandi:

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, átti í dag fund í Lundúnum með Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands. Á fundinum var fjallað um ástand og horfur í alþjóðlegum efnahags- og fjármálum og áhrif breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði á Íslandi og í Bretlandi.

Sögusagnir herma að Brown hafi þá þegar ráðlagt Haarde að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ekki leið þó að löngu uns Alþingi samþykkti heimild til lántöku að fjárhæð 500 milljarða króna til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans.

Hinn 14. apríl tilkynnti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra að allir bankar landsins gætu gert ráð fyrir stuðningi ríkisvaldsins ef þeir lentu í erfiðleikum. Stuðningur þessi gæti hvort heldur sem er orðið með beinum fjárframlögum eða þá að gjaldeyrisvaraforðinn yrði aukinn. Ingibjörg Sólrún bætti því við að íslensk stjórnvöld létu það ekki viðgangast að bankar yrðu gjaldþrota. Hún hafnaði því beinlínis að bankar myndu fara í þrot áður en lausafjárekreppunni línnti.

### Mái

Hinn 27. maí náði Landsbankinn samkomulagi við breska fjármálaeftirlitið um að bankinn uppfyllti breskar lausafjárkröfur. Þar með hafði verið leyst úr öllum álitæfnum við bresk stjórnvöld að sinni.

Landsbankinn hóf að taka á móti innlánunum í Hollandi hinn 29. maí. Til stóð að Icesave-innlánin í Hollandi yrðu færð úr útibúinu í Amsterdam í sérstakt dótturfélag eins fljótt og

---

<sup>7</sup> Skjal í vörslu höfundar.

<sup>8</sup> Sama heimild.

auðið yrði, en aðstæður á mörkuðum virtust vera að snúast mjög til betri vegar á þessum tíma.<sup>9</sup> Horfur höfðu vænkast og til að mynda hafði skuldatryggingaálag Landsbankans og annarra íslenskra banka lækkað mjög milli mars- og maímánaða. Þá hafði ríkissjóði Íslands boðist að taka tvo til fjóra milljarða evra að láni til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans, en það tækifæri var ekki gripið og því borið við að vextirnir væru of háir. Þó var almennt talið um þessar mundir að af stórrí lánstöku yrði. Jók það mjög traust á íslenskt fjármálakerfi um stundarsakir. Í kjölfar litlu bankakreppunnar 2006 hafði heldur ekkert verið gert til að auka gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans, þrátt fyrir að aðstæður á lánamörkuðum væru þá mjög hagfelldar.

Erlendir sérfræðingar sem voru stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi mál voru flestir þess mjög hvetjandi að lausafjárstaða Seðlabankans yrði styrkt. Til að mynda hvatti J.P. Morgan íslensk stjórnvöld til að taka stórt erlent lán svo styrkja mætti gjaldeyrisvaraforðann.<sup>10</sup> Ekkert varð af þessum fyrirætlunum og stjórnvöld því ekki búin undir stóráföll. Á þessum tíma voru taldir ýmsir meinbugir á því að slá stórt erlent lán. Til að mynda töldu hérlendir ráðamenn að kjörin væru of óhagstæð og sömuleiðis að það bæri merki um veikleika að taka lánið. Raunin varð sú að kjörin versnuðu hægt og bítandi. Þá mun ekki hafa verið full samstaða um þessi mál milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar.<sup>11</sup> Ríkisstjórnin kallaði stöðugt eftir upplýsingum um málið frá Seðlabanka og hafði bankinn ýmsar skýringar á því hvers vegna ekki gengi að útvega lán.<sup>12</sup> Drógu menn því lappirnar og vildu skoða aðra möguleika. Seinna um sumarið voru ráðamenn komnir á fremsta hlunn með að slá stórt lán, en þegar til kom gat J.P. Morgan ekki útvegað það.<sup>13</sup> Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, hefur komist svo að orði að erfiðleikarnir við að útvega umrætt þrautavarálán, séu ein af stærstu ráðgátunum í aðdraganda bankahrunsins.<sup>14</sup>

## Júní og júlí

Davíð Oddsson seðlabankastjóri tjáði mönnum um sumarið 2008 að íslensku bankarnir hefðu verið „teknir yfir af glæpamönnum“, sem ætluðu sér að gera Ísland gjaldþrota.<sup>15</sup> Fyrir liggja vitnisburðir þriggja manna úr ólíkum áttum sem áttu samtöl við Davíð í júní og júlí. Boðskapur Davíðs á þeim tíma var skýr: „Bönkunum verður ekki bjargað.“ Þá hefði hann einnig látið þess getið að hann stæði sjálfur persónulega í vegi fyrir því að tekið yrði stórt erlent lán til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann.<sup>16</sup>

Einn af áhrifamönnum innan Sjálfstæðisflokksins ræddi um það síðsumars eða undir haust 2008 að ekki stæði til að bjarga bönkum í háska, það hefði verið vitað í heilt ár.

<sup>9</sup> Ársfjórðungskynning fyrir fyrsta ársfjórðung 2008.

<sup>10</sup> 1. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>11</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>12</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>13</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>14</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>15</sup> Minnisblað í vörslu höfundar.

<sup>16</sup> 2., 3. og 4. ónafngreindu heimildarmenn.

Þegar banki myndi leita aðstoðar í Seðlabankanum yrði það notað til að fella hann.<sup>17</sup> Ummæli af því tagi sem hér eru viðruð vekja furðu, enda var það yfirlýst stefna stjórnvalda að að vera bönkum sterkur bakhjarl og þá hafði Alþingi samþykkt heimild til stórrar lántöku til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans.

Geir H. Haarde forsætisráðherra var bjartsýnn í tali er hann flutti ávarp sitt á Austurvelli 17. júní. Gerði hann efnahagsástandið að umtalsefni og sagði að Íslendingar hefðu árið 1969 tekist á við einhverja erfiðustu kreppu síðustu áratuga vegna aflabrests og verðhruns á erlendum mörkuðum. Erfiðleikarnir hafi verið mun meiri þá en nú. En með samstilltu átaki hafi þjóðin ráðið við vandann og í hönd farið blómleg ár. „Ég er þess fullviss að svo verði einnig nú“, sagði Geir.

### Júlí og ágúst

Að sögn Davíðs Oddssonar var Evrópski Seðlabankinn að reyna að loka á íslensku bankanna í endurhverfum viðskiptum (REPO) um það leyti. Taldi Davíð einnig að bankarnir hefðu ekkert laust fé, það væri „lygi“ að þeir hefðu „liquidity“ til ársloka 2010. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að skipta þyrfti út „persónum og leikendum“ og að Kaupþing skyldi fara úr landi. Taldi Davíð að bankastarfsemi hér heima væri „fíff“ að mestu leyti og erlend starfsemi engin til að tala um.<sup>18</sup>

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, hélt því fram um líkt leyti að Davíð væri ómögulegur seðlabankastjóri sem þyrfti að víkja. Tryggvi talaði á þessum tíma um að þörf væri á að „slátra“ einum 2500 bankamönnum, þar á meðal ætti Sigurður Einarsson að „fórna“ Hreiðari Má Sigurðssyni.<sup>19</sup>

Ljóst er að ráðamenn, jafnt í stjórnarráðinu sem í Seðlabankanum, höfðu á þessum tíma hverfandi lítinn vilja til samstarfs við bankamenn.

Tryggvi Þór var þó áfram um það í ágústmánuði að Landsbankinn og Glitnir yrðu sameinaðir með aðkomu ríkissjóðs. Tryggvi mætti á einn fund með bankastjórum Landsbankans á þessum tíma með hugmyndir af þessu tagi, en engar formlegar þreifingar munu hafa átt sér stað.<sup>20</sup> Hins vegar sáu bankastjórar Landsbankans mikla meinbugi á sameiningu við Glitni og töldu illfært að semja við lánardrottna, sem í mörgum tilfellum voru sömu aðilar. Tryggvi segist þó beinlínis hafna þessum mótbárum bankastjóra Landsbankans. Hugmynd Tryggva var meðal annars sú að sameinaður banki Landsbankans og Glitnis myndi selja alla starfsemi á Norðurlöndum til Kaupþings. Þær eignir yrðu lagðar til með FIIH bankanum, sem síðan yrði seldur og þá sem gríðarlega öflugur banki á skandinavískan mælikvarða. Tryggvi segir að Glitnismenn hafi tekið þessum hugmyndum vel, þrátt fyrir nokkrar mótbáru Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eins af stærstu hluthöfum Glitnis.<sup>21</sup>

<sup>17</sup> 5. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>18</sup> Minnisblað í vörslu höfundar.

<sup>19</sup> Minnisblað í vörslu höfundar.

<sup>20</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>21</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

### ***Flutningur Icesave-reikninganna í breskt dótturfélag***

Eins og áður sagði höfðu stjórnendur Landsbankans lagt til í viðræðum við breska fjármálaeftirlitið að innlánsreikningar í útibúi Landsbankans í Lundúnum yrðu færðir í breskt dótturfélag þá þegar á sama ári. Þær viðræður gengu stíðlega, þar sem breska fjármálaeftirlitið vildi fremur að settar yrðu reglur um lausafé, en að starfsemin yrði færð í dótturfélag. Hinn 2. júlí kvað loks við annan tón hjá Bretunum og fór fjármálaeftirlitið þar í landi þá þess á leit við Landsbankann að hann hæfi undirbúning að flutningi starfsemi sem tengdist Icesave í breskt dótturfélag. Landsbankamönnum var frá upphafi ljóst að flutningur reikninganna yrði að gerast í að minnsta kosti í tveimur skrefum, svo sem undanþágur í reglum breska fjármálaeftirlitsins heimiluðu. En vegna ákvæða í lánasamningum bankans var ógerlegt að flytja reikningana í breska lögsögu í einu lagi. Bretarnir féllust ekki á neinar undanþágur.<sup>22</sup>

## **Ágúst og september**

Hinn 20. ágúst sendi viðskiptaráðuneytið svohljóðandi bréf til breska fjármálaráðuneytisins:

Reference is made to our discussions on July 31 and your letter of August 7 2008 where you raised a number of questions concerning the Icelandic Depositors' and Investors' Guarantee Fund. Also, we refer to our email of August 14, with our comments on these issues, excluding questions 2 and 5. In the following, we address these two remaining questions.

In the, in our view unlikely, event that the Board of Directors of the Depositors' and Investors' Guarantee Fund could not raise necessary funds on the financial markets, we would assure you that the Icelandic Government would do everything that any responsible government would do in such a situation, including assisting the Fund in raising the necessary funds, so that the Fund would be able to meet the minimum compensation limits.

Furthermore, we would like to point out that the Act on the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was passed in 1998, as a measure to implement directive 94/19/EC on the same issue. The act is currently under review by the Ministry of Business Affairs, in light of the development in the financial sector in the last few years. Funding and procedures are among the issues that are being examined. The current plan is to present a bill of law to this extent in the Parliamentary session that begins in October.

It should be pointed out that a situation may arise where a financial institution with a sound capital ratio faces liquidity problems due to depositors suddenly and on a large scale withdrawing their funds for some reason. In such a case, the Central Bank of Iceland as a lender of last resort may provide liquidity

---

<sup>22</sup> Hér er byggt á heimildum frá fyrrverandi bankastjórum Landsbankans, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni.

assistance. The Icelandic Government would support the Central Bank in doing so. Under such circumstances the matter would never become an issue for the Depositors' and Investors' Guarantee Fund.

We would like to underline that the Government is fully aware of its obligations under the EEA-agreement in relation to the Depositors' and Investors' Guarantee Fund and will fulfil those obligations.<sup>23</sup>

Af lestri þessa bréfs má ljóst vera að bresk stjórnvöld hafa haft verulegar áhyggjur af því að ríkissjóður Íslands hefði ekki burði til að ábyrgjast innistæður í íslenskum bönkum á Bretlandseyjum. Enn fremur virðist sem þau hafi beitt íslensk stjórnvöld talsverðum þrýstingi til að koma þessum málum á hreint. Tölvupósturinn frá 14. ágúst sem vísað er til í bréfinu að framan er svohljóðandi:

Dear Mr. Maxwell.

Thank you for your letter dated 7 August.

Your understanding of the Icelandic legislation on The Icelandic Depositor's and Investor's Guarantee Fund is in most ways correct. We would however like to point out that the liability in law under the scheme to make a payout is limited to the resources available when it comes to amounts higher than 20.887 Euros (the amount of 1.7 m krona in the law is linked to the EUR exchange rate of 5 January 1999, and is 20.887 Euros). This should also answer your first question. It is absolutely clear according to the law that the fund has to pay out claims up to 20.887 Euros and therefore the Board would always seek a loan to ensure that the scheme pays out to that minimum.

Regarding questions number 2 and 5, the Board has not made any decision on this and before we can give you a definite answer on what the authorities would do to this would have to [svo] be discussed by the Government.

To answer question number 3 there are no rules in Article 10 about how future levies will be used, but it is clear that if a claimant does not get full compensation (all his deposits) when his claim is paid out, but only the minimum of 20.887 Euros or more he cannot make a claim against the Fund at a later stage to get the rest. Article 10 should be read in the light of the basic principle of the law that a claimant will always get at least his 20.887 Euros. In Article 6 it is explained how commercial and savings banks shall contribute to the Fund, there are no further rules in the law or the regulation on how payments shall be made to the fund in case it is emptied out and has a loan to pay.

---

<sup>23</sup> Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, dags. 4. febrúar 2009.



In question number four you ask for a definition of guarantee pledges. The guarantee pledges referred to in the Annual Report and the declarations of liability referred to in Articles 6 and 7 of the Act are the same thing; pledges that the Members of the Fund make to ensure that the required 1% minimum is met.

To give you an updated figure of the level of guaranteed deposits the total amount of deposits on 31 May 2008 was 2.170.179 m krona. Deposits under 2 m krona were 421.910 m krona.

Finally to answer question number seven the 1.7 m krona referred to in the Act is linked to the EUR exchange rate of 5 January 1999, and is 20.887 Euros, this limit is not affected by the Krona-Euro exchange rate.

I hope this answers your questions sufficiently. If you need further explanations a conference call could be a good idea.<sup>24</sup>

Í ljósi ósveigjanlegrar afstöðu breska fjármálaeftirlitsins þótti stjórnendum Landsbankans rétt að þeir hittust, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta.<sup>25</sup> Föstudaginn 23. ágúst fékk Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í Lundúnum, símhringingu frá Jóni Þór Sturlusyni, aðstoðarmanni viðskiptaráðherra, með beiðni um að komið yrði á fundi Björgvins með Darling. Sverrir hafði samband við einkaritari Darling, sem tjáði honum að fjármálaráðherrann yrði ekki við í næstu viku, en gæti tekið á mótí Björgvini 2. september.<sup>26</sup>

Fundur Björgvins og Darling fór fram umræddan dag, en Landsbankamenn höfðu afhent stjórnvöldum mjög ýtarleg gögn fyrir fundinn. Síðla í ágúst höfðu Landsbankamenn rætt um það við Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðuneytið að kynna þyrfti betur sjónarmið bankans fyrir breskum stjórnvöldum, en Bretarnir voru sífellt að breyta kröfum sínum til bankans og leggja á hann nýjar kvaðir. Stóra spurningin var sú hvort unnt yrði að flytja Icesave-reikningana í einu lagi í breska lögsögu eða hvort þetta yrði gert í áföngum.<sup>27</sup>

Upplýsingum um þennan fund var haldið þétt upp að viðskiptaráðuneyti og Fjármálaeftirliti. Starfsmenn fjármálaráðuneytis komust þó á snoðir um fundinn, skömmu áður en til hans var boðað, og gerðu kröfu til þess að fulltrúi þess ráðuneytisins sæti hann.<sup>28</sup> Úr varð að Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri hélt utan. Hér er rétt að nefna að

---

<sup>24</sup> Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tölvupóst til breska fjármálaeftirlitsins, dags. 18. mars 2009.

<sup>25</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>26</sup> Minnisblað Sverris Hauks Gunnlaugssonar sendiherra vegna ráðherrafundar um Icesave málið í London 2.9.2008. Úr skjalasafni utanríkisráðuneytis, afrit í vörslu höfundar.

<sup>27</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>28</sup> Kjartan Gunnarsson, viðtal 17. mars 2009. Hér vísar Kjartan til samtals við Baldur Guðlaugsson.

Bretar hafa annað fyrirkomulag á yfirstjórn bankamála en Íslendingar. Fjármálaráðherra þeirra fer með bankamál og undir hann heyrir Englandsbanki. Á Íslandi er þessum málaflokki skipt á milli þriggja ráðuneyta. Viðskiptaráðuneytið fer með bankamál, Seðlabankinn heyrir undir forsætisráðuneyti, en fjármálaráðuneytið sjálft er í eins konar gjaldkerahlutverki fyrir ríkissjóð.

Á umræddum fundi sátu, auk ráðherranna tveggja, Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, og Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu og formaður stjórnar Tryggingasjóðs innistæðueigenda. Að auki sat Sverrir Haukur Gunnlaugsson fundinn fyrir hönd sendiráðsins í Lundúnum og þá var Nikhil Rathi viðstaddur, en hann er aðstoðarmaður Clive Maxwell. Maxwell er yfirmaður þeirrar skrifstofu breska fjármálaráðuneytisins sem ber heitið Financial Stability.

Meginhluti fundarins fór í að skýra fjármálaráðherra Breta frá sjónarmiðum og samskiptum íslenska fjármálaeftirlitsins og þess breska undanfarna mánuði vegna Icesave innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og viðræðum um að útibúi bankans í Lundúnum yrði breytt í dótturfélag, en Jón Sigurðsson hafði orð fyrir íslensku sendinefndinni. Alistair Darling kvaðst þekkja til málsins og hafa fengið upplýsingar um samskipti fjármálaeftirlitanna. Hann lagði áherslu á að reynt yrði að flýta fyrir því að niðurstaða fengist í málinu með viðræðum fjármálaeftirlitanna. Darling vakti einnig máls á því að þetta mál hefði borið á góma á breska þinginu, sem hefði áhuga á framvindu mála.<sup>29</sup>

Degi síðar sendi viðskiptaráðuneytið frá sér svohljóðandi fréttatilkynningu:

Viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, átti í gær fund með fjármála- og bankamálaráðherra Bretlands, Alistair Darling. Á fundinum ræddu þeir góð samskipti þjóðanna á sviði fjármálamarkaðar. Íslensku bankarnir hafa mikla starfsemi á Bretlandi og er landið stærsti markaður íslensku bankanna, utan Íslands. Einnig ræddu ráðherrarnir hvaða lærdóm megi draga af aðstæðum á mörkuðum undanfarna mánuði.<sup>30</sup>

Björgvin sagði síðar að efni fundarins hefði verið hvernig breyta mætti útibúi Landsbankans í Lundúnum í dótturfélag og færa Icesave-reikninga bankans undir það félag. Það var heldur ekki fyrr en löngu síðar sem í ljós kom að ýmsir aðrir háttsettir embættismenn íslenskir hefðu setið fundinn.

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður spurðist fyrir um efni þessa fundar hinn 31. október 2008. Svar viðskiptaráðuneytisins barst 24. nóvember 2008. Þar sagði að meginefni fundarins hefði verið það hvort æskilegt væri að færa innistæðureikninga hjá útibúi

<sup>29</sup> Minnisblað Sverris Hauks Gunnlaugssonar vegna ráðherrafundar um Icesave málið í London 2.9.2008. Úr skjalasafni utanríkisráðuneytis, afrit í vörslu höfundar.

<sup>30</sup> Fréttatilkynning viðskiptaráðuneytisins, dags. 3. september 2009.

Landsbankans í Lundúnum í breskt dótturfélag. Hefði tilgangurinn verið að fá bresk stjórnvöld til að heimila tafarlausan flutning Icesave-reikninga bankans í breska lögsögu. Sérstaklega er tekið fram í svari ráðuneytisins að ekkert formleg minnisblað hafi verið ritað um þennan fund.<sup>31</sup> Viðskiptaráðherra kveðst þó hafa upplýst ríkisstjórn um niðurstöður fundarins.<sup>32</sup> Mætti því ætla að eitthvað hafi verið fært til bókar á ríkisstjórnarfundum um þessi mál, jafnvel skýrsla. Þau gögn eru með öllu óaðgengileg.

Hér hafði verið haldinn fundur með breskum stjórnvöldum um mál sem varðaði gríðarlega hagsmuni Íslendinga án þess að nokkuð hafi verið ritað á blað í viðskiptaráðuneytinu um það sem þar átti sér stað. Þess í stað var send út fréttatilkynning frá viðskiptaráðuneytinu sem bar með sér að um kurteisheimsókn hefði verið að ræða. Þó má telja að rétt hafi verið að greina ekki opinberlega frá efnisatriðum fundarins á þeim tíma í ljósi þess á hve viðkvæmu stigi þessar viðræður voru.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í Lundúnum, tók hins vegar saman minnisblað að fundi loknum, þar sem sagði orðrétt samandregið: „Fundurinn stóð í u.þ.b. klukkustund þar sem ráðherrarnir urðu ásáttir um að fjármálaeftirlitin ynnu áfram að lausn málsins.“<sup>33</sup>

Tveimur dögum síðar var Sverrir Haukur staddur í Makedóníu að afhenda trúnaðarbréf, þegar hann fékk beiðni frá Clive Maxwell um að hitta sig og aðstoðarmann sinn næsta mánudag. Í kjölfar þessa símtals óskaði Sverrir Haukur eftir því við Jónínu, Baldur og Jón Þór að fá fyrirsmáli og leiðbeiningar um hvernig „ákvarðandi íslensk stjórnvöld“ vildu að beiðninni yrði svarað. Þá nefndi Sverrir Haukur enn fremur að eðlilegt væri að fulltrúi eða fulltrúar íslenskra stjórnvalda yrðu viðstaddir.<sup>34</sup>

Sverrir Haukur átti samtalið við Clive Maxwell í síma kl. 14:00 degi síðar, 5. september. Þar kom fram að Maxwell sæi sér ekki fært að sitja fundinn viku síðar, en hann óskaði eftir því að sex atriðum yrði komið á framfæri við íslensk stjórnvöld. Þau voru eftirfarandi:

1. Honum hafi þótt miður að hafa ekki getað setið fund ráðherranna, en aðstoðarmaður hans hafi þó verið á staðnum.
2. Orðrétt hafði Sverrir Haukur eftir Maxwell: „The Chancellor was somewhat disappointed with the meeting since he felt that the Icelandic side did not appreciate the seriousness of the issue at hand.“ Sverrir Haukur reyndi að slá á þessar áhyggjur Maxwell

<sup>31</sup> Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, dags. 21. nóvember 2008.

<sup>32</sup> Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, dags. 4. febrúar 2009.

<sup>33</sup> Minnisblað Sverris Hauks Gunnlaugssonar sendiherra vegna ráðherra fundar um Icesave málið í London 2.9.2008. Úr skjalasafni utanríkisráðuneytis, afrit í vörslu höfundar.

<sup>34</sup> Tölvupóstur Sverris Hauks Gunnlaugssonar til Jónínu S. Lárusdóttur, Baldurs Guðlaugssonar og Jóns Þórs Sturlusonar, dags. 4. september 2008. Úr skjalasafni utanríkisráðuneytis, afrit í vörslu höfundar.

og sagði íslensk stjórnvöld vel gera sér grein fyrir alvarleika málsins, það mætti meðal annars sjá af því hversu háttsettir embættismenn hefðu setið fundinn af Íslands hálfu.

3. Clive Maxwell sagði það ennfremur mjög nauðsynlegt að skýr viðbrögð Landsbankans lægju fyrir næsta mánudag (8. september) um það hvernig þeir hygðust halda á málum. „What are their plans?“ Spurði Maxwell.

4. Breska fjármálaráðuneytið vonaðist til þess að íslensk stjórnvöld ynnu að því að hvetja viðkomandi aðila til að ná niðurstöðu í málinu sem fyrst.

5. Þá hefði Alistair Darling lagt á það áherslu hve pólitískt málið væri orðið. Stöðugt væri verið að spyrja um það í þinginu. Það væri því æskilegt að íslensk stjórnvöld hefðu samráð við breska fjármálaráðuneytið með hvaða hætti þessum fyrirspurnum yrði svarað.

6. Að lokum minntist Maxwell á fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í næstu viku þar sem „Article 4“ yrði til umræðu og vel kynni að vera að fulltrúar Breta hefðu samband við íslensku sendinefndina á fundinum. Maxwell yrði þó ekki sjálfur á þessum fundi.<sup>35</sup> Með „Article 4“ er átt við reglubundar úttektir þær sem Gjaldeyrissjóðurinn gerir á aðildarlöndum sjóðsins.

Í 3. lið hér að ofan spyr Maxwell hverjar séu áætlanir Landsbankamanna, en þeir áttu fund hinn 10. september með breska fjármálaeftirlitinu um málefni Icesave-reikninganna. Þessi fundur var skipulagður í samráði við íslenska Fjármálaeftirlitið.<sup>36</sup> Á fundinum lögðu Landsbankamenn fram áætlun sem fólst í því að Icesave-reikningarnir yrðu fluttir í breska lögsögu í tveimur áföngum, þeim fyrri fyrir áramót og síðari eftir áramót.<sup>37</sup>

## 15. september

Gjaldþrot Lehman bræðra veldur algjörum straumhvärfum í fjármálaheiminum. Annað eins áfall hefur vart gengið yfir fjármálakerfi heimsins. Frá og með þessum degi verða vandamál banka illleysanleg. Hinn 21. september var fjárfestingarbönkunum Goldman Sachs og Morgan Stanley veitt heimild til að breytast í venjulega viðskiptabanka. Frekari áföll urðu á bankamarkaði vestra, því 25. september komst Washington Mutual bankinn í þrot, en það var stærsta gjaldþrot viðskiptabanka í sögu Bandaríkjanna.

## 24. september, miðvikudagur

Þann dag gerðu seðlabankar Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Bandaríkjanna, en það vakti athygli margra að Íslendingar skyldu ekki vera með í þeim hópi. Geir H. Haarde sagði í viðtali þennan dag á kanadískri sjónvarpsstöð að hann væri „handviss um að íslensku bankarnir kæmust í gegnum

<sup>35</sup> Tölvupóstur Sverris Hauks Gunnlaugssonar til Jónínu S. Lárusdóttur, Baldurs Guðlaugssonar og Jóns Þórs Sturlusonar, dags. 5. september 2008. Úr skjalasafni utanríkisráðuneytis, afrit í vörslu höfundar.

<sup>36</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>37</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 22. júní 2009.

núverandi efnahagslægð. Grundvallarundirstoðir bankanna væru sterkar og þeir hafi allir staðist álagsprófanir stjórnvalda“.

Glitnir stóð frammi fyrir því að 750 milljóna dala skuldabréf félli í gjalddaga 15. október. Hugðust stjórnendur bankans selja eignir til að mæta greiðslum, en gjaldþrot Lehman-banka kom í veg fyrir að það yrði gerlegt.<sup>38</sup> Hinir viðskiptabankarnir tveir höfðu byggt upp innlánakerfi erlendis, en Glitnir var háður markaðsfjármögnun.

Stjórnendur og stærstu hluthafar bankans funduðu þá um daginn. Ákveðið var að Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórmaformaður bankans, færi til fundar við Davíð Oddsson í Seðlabankanum.<sup>39</sup>

## 25. september, fimmtudagur

Þorsteinn Már Baldvinsson hélt til fundar við Davíð Oddsson seðlabankastjóra og óskaði fyrirgreiðslu bankans.

Geir H. Haarde forsætisráðherra var staddur í New York þennan dag á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Síðdegis tilkynnti hann Tryggva Þór Herbertssyni, efnahagsráðgjafa sínum, að það væri eitthvað „vesen“ með Glitni og þeir skyldu því drífa sig heim hið fyrsta. Geir hafði áður ráðgert að eiga einn frídag vestanhafs en koma heim á laugardagskvöld, en þeir flýttu heimferð sinni og lentu í Keflavík að morgni laugardags.<sup>40</sup>

Þá seint um kvöldið varð bankastjórum Landsbankans kunnugt um erfiðleika Glitnis, en Lárus Welding, forstjóri Glitnis, hafði samband við Sigurjón Árnason, bankastjóra Landsbankans, og gerði honum grein fyrir stöðu mála.<sup>41</sup>

## 26. september, föstudagur

Eftir lokun markaða á föstudeginum héldu Þorsteinn Már og Lárus Welding til fundar við Davíð í Seðlabankanum. Þeir tvímenningar gerðu Davíð grein fyrir því hvaða veð Glitnir gæti lagt fram. Í þeirra huga var allt útlit fyrir að lánið yrði veitt.<sup>42</sup> Síðar sagði Davíð svo frá að lánveiting af þessu tagi hefði verið fráleitt.<sup>43</sup>

Að loknum fundi sínum með Glitnismönnum hafði Davíð samband við Geir H. Haarde og gerði honum grein fyrir stöðu mála. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra var

---

<sup>38</sup> „Skuldabréf Glitnis sem féllu á gjalddaga í gær enn ógreidd“. *vb.is*, 16. október 2008.

<sup>39</sup> Viðtal við Þorstein Má Baldvinsson í Kastljósi ríkissjónvarpsins, 30. október 2008.

<sup>40</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>41</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 22. júní 2009.

<sup>42</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. JPV útgáfa. Reykjavík, 2009, bls. 26–27.

<sup>43</sup> Viðtal við Davíð Oddsson í Kastljósi ríkissjónvarpsins, 7. október 2008.

enn fremur stödd vestra. Tjáði Geir henni að hann þyrfti að halda heim vegna ákveðins óróleika á mörkuðum, án þess að nefna erfiðleika Glitnis.<sup>44</sup>

Síðla þennan sama dag tilkynnti Seðlabankinn Fjármálaeftirlitinu um lánsbeiðni Glitnis.<sup>45</sup>

## **27. september, laugardagur**

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, var einn örfárar sem kunnugt var um erfiðleika Glitnis sem nú voru á borði Seðlabankans. Hann afreð að ræða málið við forstjóra Glitnis og bankastjóra Landsbankans á laugardagsmorgninum og hvatti þá „kröftuglega“ til sameiningarviðræðna.<sup>46</sup> Þrátt fyrir að ýmsir meinbugir væru á sameiningu taldi Jónas hana bestu leiðina út úr stöðunni.<sup>47</sup> Í kjölfarið fundaði Lárus Welding með bankastjórum Landsbankans.

Um morguninn kom forsætisráðherra heim frá New York og klukkan 14:00 átti hann fund með Þorsteini Má Baldvinssyni og Lárusi Welding, en þann fund sat einnig Tryggvi Þór Herbertsson.<sup>48</sup>

Landsbankamenn voru í sambandi við stjórnvöld þá um helgina varðandi hugsanlegan samruna bankanna tveggja með aðkomu ríkissjóðs í formi hlutafjár, sem og lausafjár. Nauðsyn bar til að afla lausafjár, þar sem við Glitni blöstu mjög þungar afborganir fram til áramóta.

Glitnismenn náðu ekkert í Seðlabankamenn þann daginn. Þorsteinn Már segir svo frá að hann hafi orðið áhyggjufullur og því haft samband við Davíð Oddsson og beðið hann að hitta sig, en hins vegar vannst ekki tími til þess.<sup>49</sup> Vísaði Þorsteinn Már til þess að lýðum væri ljóst að tilteknir eigendur Glitnis hefðu eldað grátt silfur við seðlabankastjóran.<sup>50</sup>

Klukkan þrjú á laugardeginum hittust þeir á fundi seðlabankastjórnarinnar þrír, Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, auk Tryggva Þórs Herbertssonar, Bolla Þórs Bollasonar, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, Baldur Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, og Geirs H. Haarde. Bankastjórnarinnar yfirgáfu fundinn um klukkustund síðar, en aðrir sátu til klukkan sex. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 vísaði Geir því aðspurður á bug að um „krisufund“ hefði verið að ræða.

---

<sup>44</sup> Viðtal við Geir H. Haarde í Kastjóni ríkissjónvarpsins, 1. október 2008. – Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 38. – Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>45</sup> Kaarlo Jännäri: „Report on Banking Regulation and Supervision in Iceland: past, present and future“. *forsaetisraduneyti.is*. 30. mars 2009.

<sup>46</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 22. júní 2009.

<sup>47</sup> Jónas Fr. Jónsson, viðtal 28. maí 2009.

<sup>48</sup> Viðtal við Davíð Oddsson í Kastjóni ríkissjónvarpsins, 7. október 2008. – Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>49</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 39.

<sup>50</sup> Viðtal við Þorstein Má Baldvinsson í Kastjóni ríkissjónvarpsins, 29. september 2008.

Engir fleiri voru inni í þessum málum. Til að mynda enginn af hálfu Samfylkingarinnar. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, mun hafa hringt í Tryggva Þór um kvöldið og spurt hann hvort „eitthvað sérstakt væri að á seyði“ og fengið þau svör að svo væri ekki.<sup>51</sup>

Halldór J. Kristjánsson rekur ekki minni til þess hvenær þeim bankastjórum Landsbankans varð endanlega ljóst hverjar fyrirætlanir Seðlabankans voru, það er þjóðnýting Glitnis að stærstum hluta. Hann telur þó líklegast að það hafi verið á laugardeginum.<sup>52</sup>

## 28. september, sunnudagur

Á hádegi þennan dag var Björgólfur Thor Björgólfsson upplýstur um að eitthvað væri á seyði varðandi Glitni. Glitnismenn hefðu leitað ásjár í Seðlabanka, en eitthvað þótti brogað við atburðarásina.<sup>53</sup> Björgólfur Thor var þá staddur hér á landi í einkaerindum, en hann kom ekki að rekstri Landsbankans og hafði ekki átt sæti í bankaráðinu, en var formaður stjórnar eignarhaldsfélagsins Samson, sem fór með 42% hlut í Landsbankanum. Það félag var til helminga í eigu Björgólfs Thors og föður hans, Björgólfs Guðmundssonar.

Síðdegis á sunnudeginum sátu seðlabankastjórar á fundi með Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen og Tryggva Þór Herbertssyni. Lagði Seðlabankinn til að ríkið reiddi fram fjármuni til og eignaðist þannig 75% hlut í bankanum. Tryggvi benti mönnum á að þessi leið myndi hafa í för með sér „dómínó-áhrif“. Stoðir yrðu gjaldþrota og öllu fjármálakerfinu rústað. Stoðir væru gríðarlega skuldsettar í öllum bönkunum og við gjaldþrot þeirra yrðu veðin ónýt og sýnt að engin veð gætu komið í staðinn. Sjálfur hefði hann lagt til aðra leið, sem fólst í því að sett yrðu inn forgangshlutabréf ríkissjóðs í Glitni og að gripið yrði til aðgerða til að tryggja lánsfjármögnun.<sup>54</sup> Í þjóðnýtingu fælist dauðadómur íslensks fjármálakerfis. Mun Davíð Oddsson hafa litið snögg upp úr pappírnum er hann heyrði tal Tryggva og spurt hann hvað hann væri „að vilja upp á dekk“ og bætti við: „Eigum við nú að taka mark á þér, manni sem er nýbúinn að keyra fjárfestingarbanka í þrot?“<sup>55</sup> Einn af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins sagði þetta sama kvöld að Davíð vildi að „allt kerfið yrði tekið yfir“.<sup>56</sup>

Það var mat stjórnenda og stærstu hluthafa Landsbankans að ríkið mætti ekki fyrir nokkum mun þjóðnýta Glitni.<sup>57</sup> Hygðist ríkið hins vegar eignast hlut í bankanum mætti sá hlutur ekki fara yfir helming af heildarhlutafé að álitu stærstu hluthafa Landsbankans og

<sup>51</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 40.

Guðni byggir hér á frásögn Jóns Þórs sjálfs.

<sup>52</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 22. júní 2009.

<sup>53</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>54</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>55</sup> „Eigum við að taka mark á þér?“ *herdubreid.is*, 13. mars 2009. – 6. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>56</sup> 7. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>57</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

Glitnis. Urðu menn þess varir í samtölum við ráðamenn þennan dag að þeir teldu að við þjóðnýtingu Glitnis myndi bankinn fá sömu lánsþæfiseinkunn og ríkissjóður.<sup>58</sup>

Glitnismenn náðu sambandi við starfsmann Seðlabankans þann daginn, sem tjáði þeim að ekki hafi unnist tími til að fara yfir lánsbeiðnina.<sup>59</sup>

Kl. 15:00 sendu Landsbankamenn forsætisráðherra og seðlabankastjóra tillögu að lausn á lausafjávanda Glitnis. Í henni fólst að ríkissjóður legði fram 100 milljarða króna til Glitnis sem nýtt hlutfé og eignaðist með þeim hætti 52% hlut í bankanum. Einnig að Seðlabankinn veitti Landsbankanum 300 til 450 milljarða króna fyrirgreiðslu tímabundið sem notuð yrði til að greiða úr lausafjávanda Glitnis. Þá myndi ríkið kaupa hluta af eignum hins sameinaða banka og nýr banki reyna að selja eignir sínar og draga þannig efnahagsreikninginn saman. Hugmyndin var sú að Strumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf. yrði hluti af nýjum banka, en Straumur átti mikið eigið fé sem var ónýtt og hefði komið sér vel fyrir sameinaðan banka í fjármögnun á næstu árum. Að auki myndi sameinaður banki halda áfram sameiningarviðræðum Glitnis og Byrs. Eignarhald yrði með eftirfarandi hætti:

Hluthafar Glitnis um	18%
Ríkissjóður um	19%
Hluthafar Landsbankans um	40%
Hluthafar Straums um	23%.

Þessi tillaga fólst því í grófum dráttum í sameiningu Landsbankans, Straums og Glitnis með þeim hætti að hlutabréf í Glitni yrðu skrifuð niður um helming og að ríkið kæmi með nýtt hlutfé og tryggði tiltekinn lausafjárstuðning.<sup>60</sup>

Fulltrúar stærstu hluthafa Landsbanka og Glitnis áttu með sér fund kl. 17:00 á skrifstofum Samson eignarhaldsfélags í Sigtúni. Þar voru mættir fyrir hönd Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson, einn aðaleigenda Stoða/FL Group, Jón Sigurðsson, forstjóri sama fyrirtækis, og Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis. Björgólfur Thor Björgólfsson sat þennan fund fyrir hönd stærstu hluthafa Landsbankans. Í hans huga var sameining við Glitni hreint ekki fýsilegur kostur, sökum lausafjávandræða bankans, en viðræður þessar fóru öðru fremur fram til að koma í veg fyrir þjóðnýtingu Glitnis. Himinn og haf var á milli hugmynda Landsbankamanna og Glitnismanna um skiptahlutföll og þá er til þess að líta að erlendir lánardrottmar bankanna tveggja voru í mörgum tilfellum sömu aðilar og því hefði þurft langar samningaviðræður til að komast að niðurstöðu í þessu máli.<sup>61</sup>

<sup>58</sup> 8. og 9. ónafngreindu heimildarmenn.

<sup>59</sup> Viðtal við Þorstein Má Baldvinsson í Kastljósi ríkissjónvarpsins, 30. október 2008.

<sup>60</sup> Tillaga til lausnar á lausafjávanda Glitnis. Minnisblað bankastjórnar Landsbanka Íslands hf. til forsætisráðherra og seðlabankastjóra, dags. 28. september 2008.

<sup>61</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.



Þegar Björgólfur Thor kom aftur í bankann hafði Halldór J. Kristjánsson átt samtál í síma við Davíð Oddsson seðlabankastjóra sem hafði hafnað tillögunni um aðkomu Landsbankans og Straums á þeirri forsendu að „ríkissjóður fengi of lítið fyrir sinn snúð“ ef farið yrði að þeirri tillögu. Mun Davíð hafa mælt nokkur vel valin orð að þessu tilefni: Landsbankinn ætlaði að hans mati að hrifsa til sín hvort tveggja, Glitni og fjárframlag ríkissjóðs.<sup>62</sup> Þess vegna var samin ný tillaga sem lögð var fram kl. 20:00 um kvöldið.

Í þeirri tillögu fólst að ríkissjóður legði fram 200 milljónir króna sem nýtt hlutafé í Glitni og eignaðist þar með 100% hlut í bankanum. Í kjölfarið yrði Glitnir sameinaður Landsbankanum og Straumi. Þá myndi Seðlabankinn veita sameinuðum banka 300 til 450 milljarða króna tímabundið að láni til að leysa lausafjórvara Glitnis. Ríkissjóður skyldi síðan kaupa hluta af eignum sameinaðs banka auk þess sem hinn nýji banki myndi selja eignir til að draga saman efnahagsreikning sinn. Sameiningarviðræðum Glitnis og Byrs yrði framhaldið undir formerkjum hins nýja banka, en að auki skyldi starfssemin á Bretlandseyjum verða færð við fyrsta tækifæri yfir í breskt dótturfélag. Þar með yrðu s.k. Icesave-reikningar alfarið undir bresku innlánatryggingakerfi. Eignarhald hins nýja banka myndi verða svofellt:

Hluthafar Glitnis um	0%
Ríkissjóður um	40%
Hluthafar Landsbankans um	40%
Hluthafar Straums um	20%. <sup>63</sup>

Ekkert svar fékkst við þessari tillögu.

Landsbankamenn töldu að með tillögum þeim sem þeir kynntu tækist að stofna banka með sterkt eiginfjárhlutfall, sem myndi hafa styrkan fjármögnunargrundvöll til frambúðar og byggja við bættu samkeppnisstöðu með tilliti til erlendra innlána, þar á meðal Icesave-reikninganna. Aðgerð af þessu tagi væri til þess fallin að styrkja allt íslenska hagkerfið, en lausafjórvari Glitnis var vel þekktur á markaði.

Tryggvi Þór var gagnrýninn á tillögur Landsbankamanna. Að hans mati voru þær settar fram með alltof grófum hætti. Hann leit svo á að þær bæru þess merki að Landsbankamenn hygðust „hirða hræið“. Réttara hefði verið að þeir hefðu sent sér tillögum og hann síðan mótað þær fyrir Seðlabankann og forsætisráðherra.<sup>64</sup> Hann hefði sjálfur fengið tillögur frá Glitnismönnum og aðlagð þær svo þær féllu að sjónarmiðum ráðherranna, en allt kom fyrir ekki – farið var að tillögu Seðlabankans. Tillaga Glitnis var í samræmi við hugmyndir Tryggva Þórs sjálfs um forgangshlutabréf og fleira. Þessi tillaga fékk víst efnislega umfjöllun ráðherranna, en hins vegar mun hugmyndum Landsbankamanna nánast hafa verið ýtt út af borðinu umyrðalaust í ljósi

<sup>62</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 42.

<sup>63</sup> Tillaga til lausnar á aðsteðjandi vanda í íslenska bankakerfinu. Minnisblað bankastjórnar Landsbanka Íslands hf. til forsætisráðherra og seðlabankastjóra, dags. 28. september 2008.

<sup>64</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

Þess hvernig þær voru úr garði gerðar.<sup>65</sup> Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, vísar framangreindum ummælum Tryggva á bug og segir að þeim Landsbankamönnum hafi einfaldlega ekki staðið til boða að afhenda Tryggva tillögur sínar. Þá hafi seðlabankastjóri einmitt fundið að því að fyrri tillaga Landsbankans gengi ekki nógu langt.<sup>66</sup>

Glitnismenn voru enn í sambandi við Landsbankamenn að kvöldi sunnudagsins. Jón Sigurðsson, forstjóri Stoða/FL Group, lagði fram skriflega tillögu um að skiptahlutföllin yrðu til helminga. Sú tillaga var fráleit að mati stærstu hluthafa Landsbankans og Straums. Seinna um kvöldið léði Björgólfur Thor máls á því að skiptahlutföllin yrðu 60% – 40% Landsbankanum í vil – „og málið er dautt“, eins og hann orðaði það.<sup>67</sup> Ekki var sú tillaga rædd frekar að sinni. Stjórnendur Landsbankans og stærstu hluthafar vildu umfram allt afstýra þjóðnýtingu Glitnis og þeim hörmulegu afleiðingum sem hún myndi hafa fyrir efnahagskerfið allt. Í reynd var margvíslegum vandkvæðum bundið að sameina bankana.

Fyrirætlanir stjórnvalda urðu ýmsum kunnar síðdegis á sunnudag. Til að mynda komust stjórnendur Kaupþings á snoðir um hvað til stæði. Urðu margir til að vara við þjóðnýtingu Glitnis og töldu að hún gæti leitt til algers kerfishruns. Ýmsir reyndu því hvað þeir gátu til að hafa áhrif á atburðarásina. Hins vegar óraði fæsta fyrir því að þau áform skyldu kynnt strax degi síðar. Sigurður Arngrímsson hjá Morgan Stanley mun hafa átt fund með Davíð þennan sama dag og gagnrýnt harkalega áform Seðlabankans. Davíð mun hafa brugðist mjög reiður við aðvörunarorðum Sigurðar.<sup>68</sup>

Stjórmálamennirnir, jafnt sem yfirmenn Seðlabankans, munu hafa trúað því að með þjóðnýtingu Glitnis að þremur fjórðu hlutum myndi bankinn öðlast sömu láns hæfiseinkunn og ríkissjóður.<sup>69</sup>

Síðdegis á sunnudeginum hringdi Gestur Jónsson, lögmaður Glitnis, til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og spurði hana hvort henni væri kunnugt hvað væri að gerast með Glitni. Stíf fundahöld væru í stjórnarráðinu og engin samfylkingarmaður nærri. Í kjölfar þessa hringdi Ingibjörg í Geir til að fá fregnir af gangi mála. Því næst setti hún sig í samband við Össur Skarphéðinsson, staðgengil formanns flokksins.<sup>70</sup> Úr varð að Össur hélt til Glitnisviðræðna ásamt Jóni Þór Sturlusyni, aðstoðarmanni viðskiptaráðherra. Þá var klukkan 18:00. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var þá staddur á Selfossi. Á fundinum fengu þeir Össur og Jón Þór að sjá tillögur Landsbankamanna til lausnar á vanda Glitnis. Jón Þór segir að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra hafi þá haft fyrirfram mótaða afstöðu til þeirra. Fundi Össurar, Jóns Þórs, Geirs og Árna lauk um klukkan 20:00. Þeir Össur og Jón Þór höfðu þá þegar samband við Ingibjörgu Sólrúnu og Björgvin G. Sigurðsson. Björgvin getur þess sjálfur

<sup>65</sup> Sama heimild.

<sup>66</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>67</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. apríl 2009.

<sup>68</sup> 10. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>69</sup> 11. og 12. ónafngreindu heimildarmenn.

<sup>70</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 42.

að klukkan hafi verið orðin nú um kvöldið þegar hann fékk fregnirnar. Við svo búið hefði ekki verið hægt að snúa til baka, enda starfsmenn Seðlabankans þá þegar hafið störf að undirbúningi þjóðnýtingar bankans að þremur fjórðu hlutum.<sup>71</sup> Össur var mjög ósáttur við skamman fyrirvara og taldi sig ekki geta borið ábyrgð á ákvörðuninni. Þeim hafi verið stillt upp við vegg – enginn samfylkingarráðherra hafi verið boðaður til fundar um daginn. Þeim hafi verið haldið algjörlega utan við málið og það eigi raunar líka við um flesta ráðherra Sjálfstæðisflokks.<sup>72</sup>

Björgvin G. Sigurðsson hélt nú til Reykjavíkur og funduðu þeir Jón Þór um kvöldið. Þeir gerðu þær helstar athugasemdir við tillögur Seðlabankamanna að yfirtökuhlutfallið væri of hátt og illa rökstutt. Munu þeir hafa beitt sér fyrir því að þetta hlutfall yrði lækkað svo hlutur annarra eigenda skertist ekki jafnmikið.<sup>73</sup>

Um klukkan hálfellefu héldu þeir til fundar í Seðlabankanum, forstjóri og stjórnarformaður Glitnis, auk lögmannanna Gests Jónssonar og Harðar Felix Harðarsonar. Þar tilkynntu Geir H. Haarde og Davíð Oddsson þeim að Glitnir fengi ekki lán, en þess í stað legði ríkissjóður fram 84 milljarða króna en fengi fyrir þrjá fjórðu hlutfjár.<sup>74</sup> Til að mæta lausafjáranda Glitnis höfðu stjórnvöld ákveðið að koma inn með nýtt eigið fé. Þorsteinn Már kveðst hafa innt Davíð Oddsson álitis á því hvers vegna aðeins stæði til að þjóðnýta bankann að þremur fjórðu hlutum. Hefði Davíð þá sagst vilja fara „hóflega“ í sakirnar.<sup>75</sup> Glitnismönnum var enn fremur tilkynnt að stjórn bankans yrði að samþykkja þessi boð stjórnvalda fyrir opnun markaða daginn eftir.<sup>76</sup> Klukkan var gengin stundarfjórðung í miðnætti þegar fulltrúar Glitnis yfirgáfu Seðlabankann.

Laust fyrir klukkan ellefu voru fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna komnir í Seðlabankann þar sem þeim voru kynnt áform stjórnvalda.

Sigurði Einarssyni, starfandi stjórnarformanni Kaupþings, var mjög áhyggjufullur er hann fékk þessar fregnir. Sagði hann svo frá í sjónvarpsviðtali að hann hefði hringt í Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra aðfararnótt 29. september og beðið þá í lengstu lög að þjóðnýta ekki bankann. Ráðherrar hefðu þó daufheyrst við málaleitunum stjórnarformanns Kaupþings.<sup>77</sup>

## 29. september, mánudagur

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Samsonar ehf., og Jón Ásgeir Jóhannesson, einn stærstu hluthafa Glitnis, höfðu átt samtöl þá á sunnudeginum um hugsanlega sameiningu Glitnis og Landsbankans en þeir ekki orðið á eitt sáttir. Ræddust

<sup>71</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>72</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>73</sup> Sama heimild.

<sup>74</sup> Viðtal við Þorstein Má Baldvinsson í Kastljósi ríkissjónvarpsins, 30. september 2008. – Viðtal við Davíð Oddsson í Kastljósi ríkissjónvarpsins, 7. október 2008.

<sup>75</sup> Viðtal við Þorstein Má Baldvinsson í Kastljósi ríkissjónvarpsins, 30. október 2008.

<sup>76</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 46.

<sup>77</sup> Viðtal við Sigurð Einarsson í Markaðnum á Stöð 2, 8. nóvember 2008.

þeir því ekki við um kvöldið. Klukkan var 2:21 um nóttina bárust Björgólfi Thor eftirfarandi sms-skilaboð frá Jóni Ásgeiri: „Vakandi ef svo turfum að hittast kv. jaj“. Björgólfur Thor var þá genginn til náða og sá skilaboðin ekki fyrr en næsta morgun.<sup>78</sup>

Jón Ásgeir Jóhannesson var hins vegar vakandi alla nóttina, en stærstu hluthafar Glitnis höfðu samband við Jón Þór Sturluson, aðstoðarmann Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra, og óskuðu eftir að fá að ræða við ráðherrann. Honum fannst það sjálfsgöð kurteisi og hitti stærstu hluthafana um nóttina. Í einni heimild segir að fundur þessi hafi byrjað klukkan fjögur um nóttina og um þann fund segir: Jón Ásgeir Jóhannesson „lét ráðherrann fá það óþvegið og bókstaflega dembdri sér yfir hann“. Að mati Jóns Ásgeirs væru ráðherrar Samfylkingar „kjölturakkar í klóm seðlabankastjóra“.<sup>79</sup> Ólafur Arnarson lýsir þessum atburðum svo í bók sinni: *Sofandi að feigðarósi*:

Glitnismenn höfðu ... samband við Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um kvöldið og kom hann ásamt aðstoðarmanni sínum á fund þeirra í höfuðstöðvum Stoða (FL Group) við Síðumúla um nóttina. Þar voru fyrir Baugsmenn, meðal annars Jón Ásgeir og Ingibjörg Pálmadóttir, kona hans. Jón Ásgeir var fjúkandi reiður yfir þessum atburðum, nánast óður, en Þorsteinn Már hélt ró sinni.<sup>80</sup>

Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, segir það orðum aukið að Jón Ásgeir hafi hellt úr skálum reiði sinnar líkt og greint var frá í fjölmiðlum.<sup>81</sup> Þá telur Jón Þór að fundur Björgvins með eigendum Stoða hafi farið fram síðar eða um klukkan sex. Niðurstaða þessa fundar var að leitast skyldi við að lækka yfirtökuhlutfallið. En allt var um seinan. Þegar fundinum lauk hafði stjórn Glitnis samþykkt tillögu ríkisins. Jón Þór telur að hefði ekkert verið að gert hefði Glitnir orðið að leita gjaldþrotaskipta þá þegar á mánudeginum.<sup>82</sup> Björgvin upplýsti Geir H. Haarde um fundinn að honum loknum.<sup>83</sup>

Klukkan fimm að morgni hafði stjórnarfundur Glitnis verið settur. Þar samþykkti stjórnin tillögu formanns þess efnis að efnt skyldi til hluthafafundar svo fljótt sem verða mætti, þar sem tillaga um yfirtöku ríkisins á 75% hlutafjár skyldi lögð fyrir atkvæði.

Mikla athygli vekur hversu seint aðrir stjórnarmálamenn en Geir H. Haarde komu að þessum málum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var á þessum tíma stödd í Bandaríkjunum og skyldi hún gangast undir uppskurð degi síðar. Flestir stjórnarmálamanna fengu seint vitneskju um hvað væri á seyði, svo seint að þjóðnýting Glitnis að þremur fjórðu hlutum var þá nánast frágengin og mönnum ljóst að grípa þurfi til harkalegra aðgerða þá þegar, ella yrði hætta á að bankinn færi í þrot. Davíð Oddsson átti samtál við einn heimildarmann skömmu eftir að ákvörðun hafði verið tekin. Tilkynnti hann viðkomandi

<sup>78</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>79</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 46.

<sup>80</sup> Ólafur Arnarson: *Sofandi að feigðarósi*. JPV útgáfa. Reykjavík, 2009. bls. 47.

<sup>81</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>82</sup> Sama heimild.

<sup>83</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

hvaða leið yrði farinn og kvaðst hafa þurft að hafa talsvert fyrir því að keyra málið í gegn.<sup>84</sup>

Ríkisvaldið hugðist leysa til sín þrjá fjórðu hluta Glitnis, að því er virðist vegna fyrirbyggjandi afborgunar á skuldabréfi sem var á gjalddaga um hálfum mánuði síðar. Við þjóðnýtinu töpuðu hluthafar hlutafé að andvirði 200 milljörðum króna og eign þeirra hafði þar með rýrnað um 88% sé tekið mið af kaupgengi ríkissjóðs, en ríkið lagði til nýtt hlutafé að fjárhæð 85 milljarðar króna, sem þýddi að gengi bréfa bankans varð 1,91, en fyrir helgina var það skráð á 15,7.

Tilkynningin um þjóðnýtingu Glitnis hafði afar neikvæð áhrif á markaði, en í aðgerðinni fólst umfram allt það mat ríkissjóðs að eigið fé hefði skort og þrátt fyrir yfirtöku bankans væri hann mjög veikburða, jafnt með tilliti til eigin fjár sem og lausafjár. Til kaupanna á hlutum í Glitni skyldi varið þriðjung af gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans, 600 milljónum evra, eða 85 milljörðum króna. Ljóst var þó að það nægði vart til að jafna beint tap Glitnis af niðurfærslu hlutafjár. Aðgerðin var því ekki til þess fallin að styrkja eiginfjárstöðu bankans. Þessi mál voru rædd á fundi bankaráðs Landsbankans í hádeginu og bar mönnum saman um að minnkandi verðmæti veða í hlutabréfum í Glitni myndi hafa neikvæð áhrif á Landsbankann. Þó er rétt að hafa í huga að mjög lítill hluti af lánum í Landsbanka var tryggður með veðum í Glitni, öfugt við það sem margir halda. Hins vegar hafði Landsbankinn lánað mikið út á hlutabréf í FL Group. Kaupþing hafði aftur á móti lánað mikið með veðum í Glitni. Áhrif þjóðnýtingarinnar voru þó víðtækari. Saxbygg og fleiri stórir viðskiptavinir Landsbankans voru með allt sitt eigið fé í Glitni. Þá var FL mjög skuldugt við Landsbankann.<sup>85</sup>

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Samsonar ehf., og stjórnendur Landsbankans bentu líka ráðamönnum á þessa daga með einföldum útreikningum hvernig það eigið fé sem ríkissjóður lagði til með Glitni hreinlega þurrkaðist út með lækkun gengis hlutabréfa í bankanum sama dag. Ávinningurinn væri því enginn, en skaðinn mikill.

Björgvin G. Sigurðsson segir að þjóðnýting Glitnis hafi verið „brútal aðgerð“ sem hann sjái eftir á að hafi kollvarpað fjármálakerfinu. Örlögin hafi ráðist helgina fyrir þjóðnýtingu Glitnis, sem sé miklu alvarlegri aðgerð en nokkur önnur þau úrræði sem gripið var til síðan. Þar sé að finna upphaf falls kerfisins. Hann segir, eftir á að hyggja, að rétt hefði verið að hann segði af sér strax á mánudeginum í mótmælaskyni við það hvernig hans ráðuneyti var hunsað í aðdraganda þjóðnýtingarinnar. Að álitum Björgvins er Glitnismálið „eitt stórt hneyksli“.<sup>86</sup>

Þorsteinn Már Baldvinsson sagði að yfirtakan hefði verið kynnt opinberlega áður en öllum stærstu hluthöfum var gert kunnugt um hvað til stóð. Richard Portes, prófessor við London Business School, sagði nokkrum dögum síðar (4. október) að trúverðugleiki

<sup>84</sup> 13. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>85</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>86</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

Íslensks efnahagslífs hefði verið lagður í rúst með yfirtöku ríkisins á hlutum í Glitni. Yfirlýsing seðlabankastjóra um að fleiri bankar kynnu að fylgja í kjölfarið væri aukinheldur fráleit. Portes var þeirrar skoðunar að Seðlabankinn hefði betur veitt Glitni lán til þrautavara, þrátt fyrir að umdeilanlegt hafi verið hversu mikið hald væri í veðunum, en seðlabankar flestra landa hefðu víkkað út veðhæfni á umliðnum vikum og mánuðum í ljósi fjármálakreppunnar. Orðrétt sagði Portes: „Seðlabankinn á að vera lánveitandi til þrautavara, ekki sá sem leysir banka til sín til þrautavara“ og bætti því við að ráðlegt

væri að skipta um bankastjórn Seðlabankans, en ég veit ekki hverjar hinu pólitísku eða lagalegu hindranir eru á slíku. Ég veit að forsætisráðherra hefur hæfa ráðgjafa sér við hlið í lausn efnahagsvandamála Íslands, ég vona bara að þeir hlusti ekki á Seðlabankann.

Stjórn Stoða sendi frá sér svohljóðandi yfirlýsingu í kjölf þess að ríkið leyst til sín Glitni:

Það er mat stjórnar Stoða að Seðlabankinn hafi haft aðra og farsælli kosti í stöðunni en að taka Glitni yfir. Harkalegt inngríp Seðlabankans er ekkert annað en eignaupptaka þar sem hluthafar Glitnis tapa vel á annað hundrað milljörðum króna. Seðlabankinn og ríkisstjórnin stilltu stjórn og stærstu eigendum Glitnis upp við vegg í skjóli nætur og þeir áttu því enga kosti aðra en að samþykkja tillöguna. Atburðarásin var með þeim hætti að ekkert tóm gafst til að leita annarra lausna, frekar en að meta heildaráhrif aðgerðanna á íslenskt fjármálaríf. Stjórn Stoða harmar þessar aðgerðir og lýsir fullri ábyrgð á afleiðingum þeirra á hendur bankastjórn Seðlabankans.

Fjölmarginir aðrir urðu til að gagnrýna þessa ákvörðun harkalega. Ólafur Ísleifsson hagfræðingur taldi að leita hefði átt annarra leiða. Hugsanlega hefði Glitni reynst unnt að mæta lausafjárvanda sínum með öðrum hætti. Um slíkt yrði þó ekkert fullyrt en ljóst væri að algjört hrun bankakerfisins, sem síðar varð raunin, væri bein afleiðing af þeirri ákvörðun ríkisvaldsins að leysa til sín stærstan hluta bankans. Hvað svo sem síðar kynni að hafa gerst.<sup>87</sup>

Aðrir fögnuðu ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þeirra á meðal var Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann sagði þjóðnýtingu Glitnis „nú eiginlega bara alveg eftir kennslubókinni“.<sup>88</sup>

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Samsonar ehf., og Sigurjón Þ. Ámason, bankastjóri Landsbankans, héldu á fund Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra og staðgengils formanns Samfylkingar, kl. 15:00 og kynntu honum hugmyndir um sameiningu Landsbanka, Straums-Burðaráss og Glitnis. Stóð sá fundur yfir í um klukkustund og mun Össur fátt hafa mælt.<sup>89</sup>

<sup>87</sup> „Stundaglasíð tæmt“. *Markaðurinn. Fréttablaðið*, 15. október 2008.

<sup>88</sup> Kvöldfréttir Stöðvar 2, 30. september 2008.

<sup>89</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

Á níunda tímanum um kvöldið hófst fundur Björgólfs Thors og bankastjóranna Halldórs J. Kristjánssonar og Sigurjóns Þ. Árnasonar með forsætisráðherra. Landsbankastjórnir og Björgólfur Thor kynntu þar forsætisráðherra sömu hugmyndir og færðar höfðu verið í tal við Össur fyrir um daginn. Að mati Landsbankamanna væri sameining þeirra banka við Glitni vísasti vegurinn til kerfislægs stöðugleika og alþjóðlegrar fjármögnunar. Þessi mál voru kynnt með glærusýningu fyrir forsætisráðherra. Hugmyndin fólst í því að íslenska ríkið færi með ráðandi hlut í sameinuðum banka, eða 37,3%, Samson, eignarhaldsfélag Björgólfsfeðga ætti 22,4%, aðrir hluthafar Landsbankans, 20%, aðrir hluthafar Straums 13% og hluthafar Glitnis tæp 6%.<sup>90</sup> Landsbankamenn lögðu áherslu á það í máli sínu að hættan á alvarlegum kerfisvanda væri enn til staðar. Landsbankamenn fengu engin skýr svör frá forsætisráðherra á þessum fundi, sem sat næsta hljóður. Eftir að bankastjórn Landsbankans héldu á brott sátu þeir nokkra stund tveir einir, Björgólfur Thor og Geir. Björgólfur spurði Geir ítrekað að því hver vilji stjórnvalda væri – hvort þau vildu ef til vill að stærstu hluthafar Landsbankans seldu hlut sinn í bankanum. Orðrétt sagði Björgólfur Thor: „Ef þið viljið að við förum – þá förum við.“<sup>91</sup> Lítið varð um svör forsætisráðherra sem sat næsta steinrunninn yfir þessari ræðu. Þeir Björgólfur Thor og Geir höfðu tveimur mánuðum fyrir rætt um það hvaða leiðir væru færar til að draga saman efnahagsreikning bankanna. Credit Suisse og Deutsche Bank sömdu skýrslu um þetta mál þá um sumarið og ætlunin var að vinna í þessum málum með stjórnvöldum með haustinu.<sup>92</sup>

Eftir fund Geirs með Björgólfi Thor mætti Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, til fundar við forsætisráðherra og lagði til að mynduð yrði þjóðstjórn. Kvaðst Geir myndu færa þetta í tal við Ingibjörgu Sólrúnu.<sup>93</sup>

Sú atburðarás sem nú var hafin var bein afleiðing af þjóðnýtingu Glitnis. Birgir Már Ragnarsson, persónulegur ráðgjafi Björgólfs Thors, segir að yfirtaka ríkisins á 75% hlut í Glitni sé „afdrifaríkasta ákvörðun fyrir og síðar í aðgerðum stjórnvalda í bankahrúninu“.<sup>94</sup>

Tryggvi Þór Herbertsson mun hafa mælt svo við Jón Ásgeir Jóhannesson einhvern þessara daga: „Glitnir er farinn – Landsbankinn er næstur.“<sup>95</sup> Sumum þeim, er að þessum málum komu, fannst Tryggvi Þór ræða málin í fullvissu þess að engum viðskiptabankanna þriggja yrði komið til bjargar. Hefði hann meðal annars lagst gegn sameiningu Landsbankans og Straums og gert þá tillögu að Straumur yrði sameinaður Öskum Capital og/eða Milestone.<sup>96</sup>

<sup>90</sup> Mögulegur samruni Landsbanka og Glitnis. Fundur með forsætisráðherra, 29. september 2008. Minnisatriði á glærum.

<sup>91</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>92</sup> Sama heimild.

<sup>93</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 71.

<sup>94</sup> Birgir Már Ragnarsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>95</sup> 14. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>96</sup> 15. ónafngreindi heimildarmaður.

### 30. september, þriðjudagur

(gengisvísitala krónu 192 stig og skuldatryggingaálag ríkissjóðs 570 pkt.)

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði þennan dag að sameining Glitnis og Landsbanka væri „óraunhæf“.

Davíð Oddsson var gestur ríkisstjórnar á fundi í stjórnarráðinu þennan dag og flutti hugmynd sína um þjóðstjórn. Þar að auki mun hann hafa lagt til að erlendar skuldir bankanna yrðu látnar lönd og leið og þá þegar yrði að setja lög um það efni.<sup>97</sup>

Þá var haft eftir Geir H. Haarde í 24 *stundum* að hann kannaðist ekkert við að Landsbankinn hefði lagt fram tillögur sem „gætu bjargað Glitni“. Í sama streng tóku aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Aðspurður um fund sinn með Björgólfi Thor sagði forsætisráðherra að þeir ræddust oft við þegar sá fyrirnefndi væri á landinu.<sup>98</sup>

Afleiðingar þjóðnýtingar Glitnis voru þá þegar komnar fram af fullum þunga. Skuldatryggingaálag ríkissjóðs fór úr 175 punktum í 570, láns hæfismat ríkissjóðs var farið veg allrar veraldar, gengisvísitala krónunnar komin í 192 stig og úrvals vísitala Kauphallarinnar lækkaði um 16,6 af hundraði. Þetta var mesta lækkun úrvals vísitölunnar á einum degi frá upphafi, en í lok vikunnar hafði vísitalan fallið um rúmlega 50% frá áramótum.

Um daginn áttu stjórnendur Landsbankans fund með fulltrúum helstu lífeyrissjóða þar sem var meðal annars rætt um hvaða áhrif þjóðnýting Glitnis hefði á stöðu hinna bankanna. Fulltrúar lífeyrissjóðanna töldu að Landsbankinn gæti verið í hættu vegna þróunar á innlánnum, meðal annars vegna hinnar neikvæðu umræðu.

Þrátt fyrir þessi áföll sýndi efnahagsreikningur Landsbankans að hann stóðst lögbundið CAD-hlutfall. Það helgaðist meðal annars af verulegum afskriftum vegna lána í kjölfar þjóðnýtingar Glitnis og sölu verðbréfafyrirtækjanna til Straums (sem raunar gengu ekki eftir vegna atburða 7. október og síðar greinir frá).

### 1. október, miðvikudagur

(gengisvísitala krónu 208 stig og skulda-tryggingaálag ríkissjóðs yfir 600 pkt.)

Til að mæta neikvæðum áhrifum af þjóðnýtingu Glitnis afréðu Landsbankamenn að selja þrjú af dótturfyrirtækjum bankans erlendis. Þannig háttaði til að síðla í september hafði farið fram formleg könnun hagkvæmni þess að sameina Landsbankann og Straum. Í því skyni var óskað eftir formlegu mati hjá matsfyrirtækjunum Fitch Ratings og Moody's um það hvaða áhrif sameining hefði á láns hæfismat bankanna tveggja. Aldrei kom til þess að niðurstaða matsfyrirtækjanna bærst, enda taldi yfirstjórn Landsbankans að öll meginmarkmið samrunans næðust með sölu þriggja dótturfyrirtækja hans til Straums. Þau dótturfyrirtæki sem hér um ræddi voru á sviði fjárfestingarbankastarfssemi og því ljóst að

<sup>97</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 72.

<sup>98</sup> „Forsætisráðherra ræddi ekkert sérstakt á fundi með Björgólfi“. *visir.is*, 30. september 2008.



sala þeirra myndi draga úr áhættu í starfsemi bankans. Að sama skapi skyldi fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi styrkt.

Þennan sama dag hættu ýmsir erlendir bankar viðskiptum með íslenskar krónur og matsfyrirtækið Fitch lækkaði lánshæfismat íslensku bankanna um tvö til þrjú þrep í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis sem óvíst væri að myndi batna á næstunni.

Fram kom í máli Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra þennan dag að hann undraðist það hvers vegna fyrirsvarsmenn Glitnis hefðu leitað eftir láni til þrautavara í Seðlabankanum, úr því að ekki var búið að ganga úr skugga um að aðrar leiðir væru færar. Sagði hann slíkt jaðra við „misnotkun“ á Seðlabankanum.

Stjórn Glitnis samþykkti á fundi þennan dag að boða til hluthafafundar tíu dögum síðar. Stærstu hluthafar Landsbankans, Straums og Glitnis héldu þó áfram viðræðum sínum um sameiningu bankanna, en á þeirri stundu var ekki enn ljóst hvort af þjóðnýtingunni yrði. Þó var ljóst að ekki yrði unnt að sameina bankana án framlags úr ríkissjóði.<sup>99</sup> Á fundi fulltrúa stærstu hluthafa bankanna beggja þennan dag sátu fyrir hönd Glitnis þeir Jón Sigurðsson, forstjóri Stoða/FL Group, Lárus Welding, forstjóri bankans. Jón Ásgeir Jóhannesson leit örstutt inn á þennan fund og kvaðst vera orðinn „aumur í bakinu eftir allar hnífsstungurnar“.<sup>100</sup>

Þá um kvöldið flutti forsætisráðherra stefnuræðu sína, sem kom mörgum á óvart. Forsætisráðherra sagði þar orðrétt um þjóðnýtingu Glitnis: „Frumkvæðið í þessu máli kom frá forsvarsmönnum Glitnis og því fer fjarri að ríkið hafi yfirtekið Glitni með valdboði eða sóst sérstaklega eftir því að eignast í bankanum.“ Í ljósi þessara ummæla er illskiljanlegt hvers vegna aðrar leiðir voru ekki reyndar til þrautar.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, var fjarverandi frá og með þessum degi af persónulegum ástæðum. Þess vegna mæddi mikið á Björgólfi Thor næstu daga.

## **2. október, fimmtudagur**

**(krónan hafði veikst um alls 16% þá vikuna)**

Klukkan eitt áttu þeir Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson fund í ráðherrabústaðnum með Geir H. Haarde til að ræða hugsanlega yfirtöku Kaupþings á Glitni. Um hálfri annari klukkustund síðar þurfti Geir að bregða sér yfir í næsta herbergi til að ræða við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta. Darling hafði hringt vegna gruns um að hundruð milljóna punda hefðu verið flutt frá Singer & Friedlander bankanum til Íslands. Yrði ekki ráðin bót á þessu myndi Lundúnaútibúi bankans verða lokað. Darling árétti að þetta mál væri „háalvarlegt“.<sup>101</sup> Kaupþingsstjórnir tveir höfðu heyrt af tali

<sup>99</sup> Andri Sveinsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>100</sup> 16. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>101</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 88. Guðni hefur þetta eftir ónafngreindum heimildarmanni.

Geirs og sögðust myndu hafa samband við breska fjármálaeftirlitið. Þessu yrði kippt í liðinn.

Kallaður var saman „samráðshópur um fjármálaáfall“ þennan sama dag, en í honum sátu fulltrúar ráðuneyta, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Ráðamenn voru farnir að huga að því þessa daga að skipta yrði bönkum í „góða“ og „vonda“ og þannig yrðu erlendar skuldir skildar frá.<sup>102</sup>

Landsbankamenn funduðu á ný með fulltrúum lífeyrissjóða um áætlun um flutning hluta af eignum lífeyrissjóðanna hingað heim til að styrkja lausafjávanda þjóðarbúsins. Landsbankamenn fengu á tilfinninguna eftir þennan fund að hagsmunir lífeyrissjóðanna í Kaupþingi réðu nokkru um afstöðu þeirra og hugsanlegar aðgerðir. Lífeyrissjóðirnir áttu mun meira fé bundið í Kaupþingi en Landsbankanum og voru meðal stærstu hluthafa í Kaupþingi. Þá voru sjóðirnir að auki með mikla fjármuni bundna í Existu og Bakkavör, félögum nátengdum Kaupþingi. Aftur á móti skulduðu lífeyrissjóðirnir Landsbankanum stórfé – fjármuni sem þeir höfðu þráast við að greiða.

Davíð Oddsson efndi til starfsmannafundar í Seðlabankanum þennan dag og fjallaði sér í lagi um Glitnismálið. Lagði hann áherslu á að það væri ríkisstjórnin sem hefði tekið ákvarðanir um þjóðnýtingu bankans að þremur fjórðu hlutum – ekki Seðlabankinn.

Um kvöldið funduðu stjórnendur Landsbankans og Kaupþings um mögulegar leiðir til lausnar á þeim mikla vanda sem að steðjaði. Á þessum fundi var fyrst hreyft við hugmyndinni um sameiginlega yfirtöku Landsbankans og Kaupþings á Glitni.

### 3. október, föstudagur

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, sagðist þá loks styðja yfirtöku ríkisins á bankanum og vonast til að aðrir hluthafar gerðu slíkt hið sama. Á ríkisstjórnarfundum þennan dag lét Björgvin G. Sigurðsson bóka að hann fordæmdi vinnubrögð Seðlabankans og hvernig viðskiptaráðuneytið hefði verið sniðgengið við þjóðnýtingu Glitnis. Til að mynda hefði ráðuneytisstjórnin í viðskiptaráðuneytinu engar upplýsingar fengið og enginn á þeim bæ vissi hvað var að gerast.<sup>103</sup>

Þennan dag greindi frá því í fréttum *Financial Times* að skuldtryggingaálag Kaupþings væri komið í 2.500 punkta. Þennan sama dag var örtröð í bönkunum – hafið var bankaáhlaup – fólk flykkist í útibú að taka út sparifé sitt. Geir H. Haarde lýsti því yfir að innistæður sparifjáreignenda væru tryggar. Það gerði Davíð Oddsson einnig og bætti því við að til væri nægur gjaldeyrisvaraforði til næstu átta til níu mánaða, án þess að nokkrar tekjur væru til staðar. Seðlabankinn gæti því tryggt allar þarfir ríkissjóðs og allan innflutning sem þyrfti án þess að nokkur útflutningur kæmi á móti í níu mánuði samfellt. Allt tal um gjaldeyrisþurrð væri því ofmælt.

<sup>102</sup> Sama heimild, bls. 79. Guðni hefur þetta eftir ónafngreindum heimildarmanni.

<sup>103</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

Síðla þennan dag tilkynnti Seðlabanki Evrópu að í stað þess að Landsbankinn gæti aukið endurhverf viðskipti um 400 milljónir evra á mánudag yrði honum gert að minnka þau um sömu fjárhæð. Þetta setti aukinn þrýsting á lausafé bankans.

Á föstudeginum barst Landsbankanum bréf frá breska fjármálaeftirlitinu þar sem settar voru fram nýjar kröfur um lausafjártryggingar.<sup>104</sup> Um var að ræða hækkun um 400 milljónir punda, auk þess sem ný innlán yrðu fryst. Þetta jók enn á lausafjávanda bankans. Fregnir af þjóðnýtingu Glitnis höfðu þau áhrif að heildarinnlán Icesave á Bretlandseyjum höfðu minnkað úr 4.719 milljónum punda hinn 29. september í 4.501 milljón punda 3. október.<sup>105</sup> Yfirtaka ríkissjóðs á Glitni hafði þó ekki jafnmikil áhrif á innlán Landsbankans í Hollandi.

Þennan sama dag hófust alvarlegar aðgerðir breska fjármálaeftirlitsins gegn Singer & Friedlander, dótturfyrirtæki Kaupþings í Lundúnum. Gerði eftirlitið kröfu til þess að öll innlán sem bærust til Friedlander yrðu lögð inn á reikning í Englandsbanka. Sama kvöld var lögð á Heritable bankann, þennan dag, en hann var dótturfyrirtæki Landsbankans. Sigrún Davíðsdóttur, fréttaritari ríkisútvarspins í Lundúnum, sagði í pistli sínum hinn 26. júní síðastliðinn að mánudagskvöldið 6. október hefðu engir fjármunir Heritable bankans verið lagðir inn á lokaðan reikning hjá Englandsbanka, líkt og breska fjármálaeftirlitið hefði gert kröfu um.<sup>106</sup> Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, segir þetta ekki rétt hjá Sigrúnu, en íslenska Fjármálaeftirlitið hafi einnig verið rækilega upplýst um öll þessi mál.<sup>107</sup>

Hugmynd Davíðs Oddssonar um þjóðstjórn komst í hámmæli þessa daga.

Við lokun markaða hafði krónan fallið um 12,6% þá vikuna, en alls um 41% frá áramótum. Skuldtryggingaálag Landsbankans var komið upp í 2825 punkta þennan sama dag.<sup>108</sup> Stjórnendum Landsbankans var fullljóst við svo búið að nauðsyn bæri til þess að skýr skilaboð kæmu frá ríkinu um aðgerðir á næstunni. Þjóðnýting Glitnis var það víðtækt inngríp í bankastarfssemi hérlendis að í kjölfarið yrðu að fylgja heildstæðar aðgerðir til að auka trúverðuleika hinnar fyrstu aðgerðar.

Björgólfur Thor Björgólfsson hafði haldið aftur utan til Lundúna miðvikudaginn 1. október, en á föstudeginum fékk hann símtöl frá fjölmörgum áhrifamönnum hér heima sem hvöttu hann til að koma aftur út til Íslands, þar sem ástandið væri erfitt. Þar á meðal hafði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, samband og brýndi fyrir Björgólfi að halda heim – það væri „mjög gott“ að hann kæmi. Halldór J. Kristjánsson og Sigurður Einarsson höfðu sömuleiðis lagt hart að Björgólfi að koma heim. Sigurður lét svo um mælt við Björgólf Thor að það þyrfti að stappa stálinu í Landsbankamenn, gríðarmiklu

<sup>104</sup> Bréf breska fjármálaeftirlitsins til Landsbanka Íslands, dags. 3. október 2008.

<sup>105</sup> Bókhaldsstöður Icesave UK, 15. september til 5. október 2008.

<sup>106</sup> Pistill Sigrúnar Davíðsdóttur í ríkisútvarpinu, 26. júní 2009.

<sup>107</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 14. júlí 2009.

<sup>108</sup> Landsbanki and Iceland rating developments. Minnisblað um lánshæfismat, 29. september til 8. október 2008.

skipti að allir ynnu að því hörðum höndum um helgina að finna lausnir á vandanum. Þá hafði Össur Skarphéðinsson reynt að ná tali af honum sama dag. Björgólfur Thor gerði sér grein fyrir þeirri alvarlegu stöðu sem upp var komin og hélt til Íslands að morgni laugardagsins 4. október.<sup>109</sup>

Seint um daginn hittist stjórn Samtaka atvinnulífsins til að undirbúa, að ósk ríkisstjórnarinnar, víðtækar viðræður sem fara skyldu fram þá um helgina. Markmið með þeim væri að hafa tilbúnar efnahagsaðgerðir fyrir opnun markaða mánudaginn 6. október. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, var fulltrúi fjármálafyrirtækja í stjórn Samtakanna. Var það samdóma álit manna að nú riði á helgin yrði nýtt til að undirbúa víðtækar aðgerðir sem gætu haft jákvæð áhrif á viðhorf til íslensks efnahagslífs við opnun markaða að morgni næsta mánudags. Í lok helgarinnar skyldi einhvers konar „bandormur“ lagður fram. Mál áttu þó eftir að þróast á annan veg um helgina og viðræður við fulltrúa lífeyrissjóða og atvinnulífs voru brátt orðnar að skjóli sem leyna átti því að bankakerfi landsins væri á heljarþröm.<sup>110</sup>

Ríkisstjórnin taldi sig meðal annars hafa misst tök á peningamálastefnunni og því mun hafa verið í bígerð frumvarp til laga um sérstaka þriggja manna sérfræðinganevnd sem stýra ætti Seðlabankanum að einhverju leyti. Þá þegar hafði verið ákveðið hverjir yrðu skipaðir til setu í nefndinni.<sup>111</sup>

## 4. október, laugardagur

Þá um morguninn var boðað til hluthafafundar Glitnis sem haldinn skyldi viku síðar. Þar yrði tilboð ríkisins lagt fram til samþykktar.<sup>112</sup>

Haldinn var ríkisstjórnarfundur og ráðherrar funduðu enn fremur með fulltrúum lífeyrissjóðanna. Rætt var um að færa eignir sjóðanna heim, allt að 200 milljarða króna. Geir H. Haarde og Össur Skarphéðinsson voru í fararbroddi ríkisstjórnarinnar í þessum málum og gefið var út að um helgina yrðu teknar ákvarðanir um framhaldið. Richard Thomas hjá Merryll Lynch sagði þennan sama dag að ríkisstjórnin þyrfti að hefjast handa tafarlaust. Aðgerðir yrði að kynna í síðasta lagi á mánudagsmorgun, hinn 6. október.

Kl. 12:00 funduðu bankastjórar Landsbankans með bankastjórn Seðlabankans, þar sem þeir fyrrnefndu gerðu grein fyrir aðsteðjandi vanda. Til grundvallar málflutningi bankastjórnanna lá minnisblað þar sem ýtarlega var rakið hvernig staða bankans hefði breyst gríðarlega til verri vegar á skömmum tíma. Á þessu blaði voru kynntar hugmyndir

<sup>109</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>110</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 106.

<sup>111</sup> 17. ónafngreindi heimildarmaður. Erfiðlega hefur gengið að afla frekari upplýsinga um þetta mál.

<sup>112</sup> „Hluthafafundur Glitnis Banka hf.“ Auglýsing í *Morgunblaðinu* og *Fréttablaðinu*, 4. október 2008.

að lausnum á þeim miklu erfiðleikum sem stöðjuðu að bankanum, en minnisblaðið var ennfremur sent Fjármálaeftirlitinu sama dag.<sup>113</sup>

Stjórnendur Landsbankans og fulltrúar stærstu hluthafa gerðu lykílráðherrum grein fyrir stöðu mála og lögðu fram tillögu þess efnis að fest yrði í lög heimild til tryggingasjóðs innistæðueigenda til að leysa til sín eignir innlánsstofnana sem stefndu í eða lentu í greiðsluþroti.<sup>114</sup> Sjóðurinn myndi þá í slíkum tilfellum geta tekið við innistæðuskuldbindingum og eignum sem nægjanlegar væru til að mæta skuldbindingum þeirra innlánsstofnana sem skráðar væru hér á landi og stefndu, að mati sjóðsins, í greiðsluþrot. Tillögur þessar voru sniðnar eftir aðgerðum þeim sem framkvæmdar voru til að tryggja innistæður sparifjáreigenda í Washington Mutual.

Síðar um daginn kom fram sameiginleg hugmynd Kaupþings og Landsbankans sem viðruð var við fulltrúa stjórnvalda. Í henni fólst að Kaupþing tæki yfir allar innlendar innistæður og eignir Glitnis, sem síðan myndi selja hluta af þeim af þeim yfir til Landsbankans. Á grundvelli þessara viðskipta yrði eiginfjárstaðan tryggð hjá báðum bönkum, en ríkissjóður myndi tryggja þeim nægt lausafé, Landsbankanum einum milljarði evra og Kaupþingi helmingi lægri fjárhæð. Fulltrúar Kaupþings höfðu lagt til við Landsbankann að gerð yrði sameiginleg tillaga, en þeir töldu stjórnvöld vera móttækileg fyrir slíku. Þessar tillögur voru ræddar með lykílráðherrum degi síðar (sjá umfjöllun um atburði sunnudaginn 5. október).

Einhvern tíman um daginn gerði Geir H. Haarde það að tillögu sinni að komið yrði á fót neyðarstjórn í efnahagsmálum. Hér yrði um að ræða þriggja manna ráð undir forsæti Davíðs Oddssonar, en aðrir ráðsmenn yrðu Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, og Jón Sigurðsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Samfylkingarráðherrar höfnuðu þessari tillögu undireins.<sup>115</sup>

Kl. 18:00 tjáði Geir H. Haarde fréttamönnum að hann væri vongóður um að niðurstaða næðist til hvaða aðgera yrði gripið í byrjun næstu viku.

Mark Sismey-Durrant, bankastjóri Heritable bankans og yfirmaður Icesave-reikninganna í Bretlandi, tilkynnti þennan dag að þarlendir innistæðueigendur þyrftu ekki að óttast um sparifé sitt, en hann sat fyrir svörum í „Moneybox“, sem er vinsæll fréttaskýringaþáttur í breska ríkisútvarpinu.<sup>116</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, sagði enn fremur sama dag að stjórnvöld ættu að geta komið bönkum til bjargar, þrátt fyrir stærð þeirra í samanburði við hagkerfið í heild. Þetta væri hægt þar sem efnahagsreikningur bankanna væri „afar sterkur“.

<sup>113</sup> Minnisblað bankastjórnar Landsbanka Íslands hf. til Seðlabanka og Fjármálaeftirlits var afhent í drögum og mun hafa verið dagsett 4. október 2008.

<sup>114</sup> Minnisblað um aðgerðir til að tryggja stöðu innstæðueigenda. Ódagsett og óundirritað.

<sup>115</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>116</sup> „Icelandic banks reassure savers“. *news.bbc.co.uk*, 4. október 2008.

Stjórnendum Landsbankans og fulltrúum stærstu hluthafa þóttu vinnubrögð stjórnvalda þessa daga heilt á litið einkennast af stjórnleysi. Ringulreiðin hafi verið mikil og þeim ekki ljóst hver viðsemjandinn væri, ríkisstjórn, stjórnendur Seðlabanka eða aðrir embættismenn. Þeim hafi til að mynda ekki verið ljóst hvort einstakir ráðherrar hefðu umboð stjórnarinnar allrar og til að mynda hafi verið allsendis óljóst hvort efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, Tryggvi Þór Herbertsson, hefði nokkurt umboð. Þeir lykílráðherrar sem komu að málum þessa helgi voru auk Geirs H. Haarde, Össur Skarphéðinsson, Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Mathiesen. Á fundum með ráðherrunum þessa helgi voru auk ráðuneytisstjóra, þeir Jón Sigurðsson, forstjóri stjórnar Fjármálaeftirlitsins, og Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra.

## 5. október, sunnudagur

Á sunnudeginum funduðu bankastjórar allra banka með Geir H. Haarde forsætisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra og Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í ráðherrabústaðnum. Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson funduðu fyrst með ráðherrunum. Munu þeir hafa lagt fram tillögu um aðkomu Kaupþings að rekstri Glitnis. Eigendur og bankastjórar Kaupþings og Landsbankans hittust. Þá áttu stjórnendur lífeyrissjóða og fulltrúar vinnumarkaðarins fundi með ráðherrum. Þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sátu á rökstólum fram eftir kvöldi. Ríkisstjórnin ákvað að tryggingasjóður innistæðueigenda skyldi tryggjar allar innistæður í bönkum og sparisjóðum.

Kl. 11:00 að morgni sunnudagsins áttu Björgólfur Thor, formaður stjórnar Samsonar ehf., Yngvi Örn Kristinsson, forstöðumaður verðbréfasviðs Landsbankans, og bankastjórnarnir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason fund með lykílráðherrum. Ráðherrarnir hvöttu Landsbankamenn til viðræðna við Kaupþingsmenn um sameiginlega aðkomu Landsbankans og Kaupþings að Glitni og varð það úr síðar um daginn að fulltrúar beggja banka settu fram sameiginlegar tillögur þar að lútandi. Landsbankamenn áréttu á þessum fundi að þeir ynnu að því að koma Icesave-reikningunum í breskt dótturfélag. Óskuðu ráðherrarnir eftir að fá að fylgjast með því máli.<sup>117</sup>

Landsbankamenn héldu við svo búið í Seðlabankann. Gerðu þeir bankastjórn Seðlabankans grein fyrir brýnni lausafjórþörf bankans. Kaupþingsmenn höfðu þá einnig átt fund í Seðlabankanum og væntanlega í sömu erindagjörðum.

Þennan sama dag sendi viðskiptaráðuneytið bréf til breska fjármálaráðuneytisins, þar sem fram kom að ríkissjóður Íslands myndi styðja við tryggingasjóð innlána svo unnt yrði að greiða breskum sparifjáreigendum lágmarksbætur ef Landsbankinn færi í þrot. Bréfið er undirritað af Jónínu S. Lárusdóttur, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis. Í bréfinu segir orðrétt:

Dear Mr. Maxwell.

---

<sup>117</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

Reference is made to the discussions you have had with the Ministry this weekend.

If needed the Icelandic Government will support the Depositors' and Investors' Guarantee Fund in raising the necessary funds, so that the Fund would be able to meet the minimum compensation limits in the event of a failure of Landsbanki and its UK branch.

On behalf of the Minister

Jónína S. Lárusdóttir<sup>118</sup>

Að loknum fundum Landsbanka- og Kaupþingsmanna með lykilráðherrum og Seðlabankamönnum héldu fulltrúar beggja banka í höfuðstöðvar Existu og Bakkavarar við Tjarnargötu. Hugmynd Kaupþingsmanna var í þá veru að Kaupþing yfirtæki allar innlendar innistæður og eignir Glitnis en seldi þær síðan til Landsbankans að hluta. Þá myndi ríkissjóður leggja báðum bönkum til lausafé, Kaupþingi 500 milljónum evra og Landsbankanum 1.000 milljónum evra.

Um klukkan fimm gengu þeir Kaupþingsmenn yfir götuna í ráðherrabústaðinn og Björgólfur Thor kom skömmu síðar.

Atburðarás þessarar helgar, og ekki hvað síst sunnudagsins, einkenndist af mikilli taugaveiklun. Kaupþingsmenn munu hafa haft um tuttugu manns í fullri vinnu þessa helgi við að sinna almannatengslum og þess háttar. Til að mynda var Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, í stöðugu sambandi við blaðamann nokkurn.<sup>119</sup> Einn af yfirmönnum Glitnis hafði heimildir fyrir því að stjórnendur Kaupþings hefðu menn á sínum snærum sem eltu bifreiðar stjórnenda Landsbankans um allan bæ og uppi voru sögusagnir um að símar væru hleraðir.<sup>120</sup> Ekkert slíkt hefur þó verið staðfest. Kastaðist í kekki milli manna tengdum Kaupþingi og Landsbankanum þennan dag, en þó var ekki um sundurlyndi að ræða af hálfu bankastjóra Landsbankans. Þeir Björgólfur Thor og Sigurður Einarsson deildu um það hvort Kaupþingsmenn væru af fullum hug í viðræðunum.<sup>121</sup> Sumir stjórnenda og fulltrúar stærstu hluthafa Landsbankans töldu að Kaupþingsmenn væru „tala Landsbankann niður“.<sup>122</sup>

Kl. 17:30 kom Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, til fundar.

Kl. 18:00 vildi Geir H. Haarde fátt hafa eftir sér við fjölmiðlamenn, en af orðum hans mátti skilja að gefin yrði út yfirlýsing fyrir opnum markaða morguninn eftir. „Það eru

---

<sup>118</sup> Bréf Jónínu S. Lárusdóttur, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis, til breska fjármálaráðuneytisins, dags. 5. október 2008.

<sup>119</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>120</sup> 18. og 19. ónafngreindu heimildarmenn.

<sup>121</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>122</sup> 20. ónafngreindi heimildarmaður.

vissulega erfiðar tímar“, sagði Geir.<sup>123</sup> Á sama tíma hófst fundur fulltrúa stærstu hluthafa og stjórnenda Landsbankans og Kaupþings með lykilráðherrum ríkisstjórnarinnar um lausnir á grundvelli tillagna sem fram höfðu komið daginn áður. Landsbankinn hafði þann fyrirvara á samningagerð að samkomulag næðist við bresk stjórnvöld um breytingar á þeim skilyrðum sem breska fjármálaeftirlitið hafði áður sett fram varðandi hækkun lausafjártryggingar, kyrrsetningu innlána og fleira. Fulltrúar bankanna tveggja funduðu áfram um þessi mál að loknum fundi með lykilráðherrum.

Kl. 19:45 hófst símtal Geirs H. Haarde við Gordon Brown, forsætisráðherra Breta. Brown hvatti Geir ákaft til að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þiggja neyðaraðstoð, mun Brown nánast hafa grátbeðið Geir þessa. Öðrum kosti yrði efnahag Íslands ekki borgið. Vandinn væri kerfislægur og önnur lönd kæmu ekki til bjargar nema íslensk stjórnvöldu störfuðu eftir áætlun sjóðsins. Þá nefndi Brown í samtalinu að íslenskur banki í Lundúnum hefði flutt einn og hálfan milljarð punda til Íslands í trássi við lög og reglur. Forsætisráðherra Íslands yrði að sjá til þess að fénu yrði skilað.<sup>124</sup> Hér virðist sem Brown ítreki orð Alistair Darling frá því á fimmtudeginum um að Kaupþing yrði að skila fjármunum þeim sem kunnu að hafa verið fluttir með ólögumætum hætti til Íslands. Óstaðfestar fregnir herma að Geir hafi átt samtöl við Brown í tvígang þennan dag.<sup>125</sup> Þá rekur Tryggva Þór Herbertsson minni til að Geir hafi rætt við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, í síma á sunnudeginum.<sup>126</sup>

Kl. 20:00 komu Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambandsins, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífssins, og fulltrúar lífeyrissjóða til fundar í ráðherrabústaðnum. Af orðum aðila vinnumarkaðarins að dæma hafði enginn árangur orðið af fundinum, en honum lauk um kl. 21:00.

Kl. 21:20 komu Lárus Welding og Þorsteinn Már Baldvinsson, auk Sigurðar G. Guðjónssonar, lögmanns Stoða, nafna hans Einarssonar og Hreiðars Más Sigurðssonar til fundar við ríkisstjórnina. Þar var einnig Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri. Á staðnum voru fyrir Geir H. Haarde, Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra. Nú bættist Björgvin G. Sigurðsson í hópinn.

Kl. 21:43. Þá voru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Kristján Möller samgönguráðherra einnig mætt á staðinn.

Kl. 22:03 voru Glitnismenn farnir, þ.e. Lárus, Þorsteinn Már og Sigurður G.

Kl. 22:20 voru bankastjórar Landsbankans mættir í ráðherrabústaðinn, auk Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins.

<sup>123</sup> „Mesta fjármálakreppa síðan 1914“. *visir.is*, 5. október 2008.

<sup>124</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 112–113.

<sup>125</sup> 21. og 22. ónafngreindu heimildarmenn.

<sup>126</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.



Kl. 22:30 kom þingflokkur Samfylkingarinnar til fundar.

Kl. 23:00 hittust þingmenn Sjálfstæðisflokks.

Skömmu fyrir miðnætti ræddi Geir H. Haarde við fjölmiðla og sagði ríkisstjórnina hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á sérstökum meiriháttar aðgerðum. Ætla má að á þeirri stundu hafi forsætisráðherra verið búinn að grípa til frumvarps um neyðarlög og séð fyrir sér að skilið yrði milli erlendra og innlendra starfsemi bankanna líkt og Davíð Oddsson lýsti opinberlega tveimur dögum síðar. Geir tilkynnti þó að samkomulag hefði náðst um að bankarnir drægju úr umsvifum sínum erlendis. Í samtali við fjölmiðlamenn á sömu stundu sagði Geir að hann teldi ekki ástæðu til að slegið yrði lán að fjárhæð 500 milljarðar króna frá frá Seðlabanka Evrópu. Bætti hann því við að ekki væri von á tilkynningu fyrir opnum markaða næsta morgun.

Um nóttina funduðu ráðherrarnir Geir H. Haarde, Össur Skarphéðinsson, Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Matthiesen með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og ráðgjöfum, m.a. frá J.P. Morgan.

### *Landsbankamenn funda með stjórnvöldum*

Æðstu stjórnendur Landsbankans og fulltrúar stærstu hluthafa voru staddir á skrifstofum bankans í Austurstræti lungann úr sunnudeginum. Þar voru meðal annarra bankastjórnarnir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason, Jón Þorsteinn Oddleifsson, forstöðumaður fjárstýringar á verðbréfasviði, Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs, Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar bankans og Andri Sveinsson, bankaráðsmaður. Töldu stjórnendur bankans að engin lausn væri í sjónmáli, en fundur þeirra með Hector Sants breytti þeirri mynd (sjá hér að neðan).<sup>127</sup>

Þá var Björgólfur Thor Björgólfsson, formaður stjórnar Samsonar, einnig í bankanum sem staðgengill Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs. Ásamt með Björgólfi Thor voru persónulegir ráðgjafar hans, Heiðar Már Guðjónsson og Birgir Már Ragnarsson, lögfræðingur Samsonar.

Bankastjórn Landsbankans sendi Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu minnisblað þar sem ýtarlega var gerð grein fyrir stöðu bankans. Á hádegi áttu bankastjórnar Landsbankans fund með bankastjórn Seðlabankans þar sem þeim síðarnefndu var gerð grein fyrir vandanum. Strax að fundi loknum var staða mála rakin fyrir „lykilráðherrum“. Þeim var kynnt hugmynd um aðgerðir til að tryggja innistæður, þannig að fest yrði í lög heimild til handa tryggingasjóð innistæðueigenda að leysa til sín eignir innlánsstofnana sem stefndu í eða lentu í greiðsluþroti. Síðar um daginn var sameiginleg hugmynd Kaupþings og Landsbankans viðruð við fulltrúa ríkisins að frumkvæði Kaupþings. Fólst hún í því að Kaupþing yfirtæki allar innlendar innistæður og eignir Glitnis og seldi áfram yfir til Landsbankans. Báðum bönkum yrði séð fyrir lausafé, Kaupþingi 500 milljónum evra og

<sup>127</sup> Kjartan Gunnarsson, viðtal 17. mars 2009.

Landsbankanum 1.000 milljónum evra. Þessar hugmyndir voru bornar upp á fundinum með „lykiloráðherrum“. Landsbankinn gerði fyrirvara um að samkomulag næðist við bresk stjórnvöld. Fulltrúar Landsbankans og Kaupþings héldu viðræðum áfram að fundi loknum.

Um kl. 20:00 bárust Landsbankanum þau tíðindi að þær takmarkanir á endurhverfum viðskiptum sem tilkynnt hafði verið um á föstudeginum kæmu ekki til framkvæmda að sinni, þ.e. þær yrðu ekki lækkaðar um 400 milljónir punda eins og til stóð og að auki voru kröfur breska fjármálaeftilitsins um aukið lausafé lækkaðar úr 400 milljónum punda í 200 milljónir. Í ljósi þessa var þörf fyrir aukið lausafé nær 500 milljónum evra, en 1.000 milljónum.

### *Um hraðvirka dótturfélagavæðingu Icesave*

Laust eftir hádegi á sunnudeginum hringdi Hector Sants, forstjóri breska fjármálaeftirlitsins, til Jónasar Fr. Jónssonar, íslensks starfsbróður síns. Í samtali þeirra lagði Sants mikla áherslu á að greidd yrði 200 milljóna punda trygging strax daginn eftir til að mæta miklu útlæði af Icesave-reikningum bankans. Sants var þá mættur til vinnu að því er virðist til að leita leiða svo stemma mætti stigu við miklu útstreymi af Icesave-reikningum Landsbankans. Jónas spurði Sants í þessu samtali hvort ekki mætti flýta dótturfélagavæðingu Icesave-reikninganna. Sants gat engu lofað um það, en „opnaði þó á að ræða mætti málið“, ef að Landsbankinn reiddi fram 200 milljónir punda til að mæta útlæði af innlánsreikningum bankans í Bretlandi. Eftir að peningarnir hefðu borist til Bretlands mætti ræða um frekari útfærslu þessa, en dótturfélagavæðing hefði vitaskuld verið háð ýmsum annmörkum og fyrirvörum. Ekkert loforð lá fyrir frá Bretunum um hraðvirka dótturfélagavæðingu. Jónas Fr. rekur ekki minni til aðdraganda samtals þeirra Sants. Þá þekkir hann ekki til þess hvort æðstu ráðamenn þjóðanna hafi haft áhrif hér á.<sup>128</sup> Einn heimildarmanna höfundar fullyrðir að það þurfi fyrir mæli forsætisráðherra Breta til að forstjóri breska fjármálaeftirlitsins sé kallaður til vinnu á sunnudegi.<sup>129</sup>

Jónas segir að Bretarnir hefðu þurft að slaka á kröfum sínum til að það yrði gerlegt að flytja Icesave-reikningana í breska lögsögu. Honum fannst sem málin væru að þokast í rétta átt og telur að hægt hefði verið að flytja reikningana í breska lögsögu og það hefði alls ekki þurft að taka langan tíma. Dótturfélagavæðing Icesave-reikninganna hefði þá verið í umræðunni um nokkurt skeið, en menn hafi viljað „drífa það áfram“.<sup>130</sup>

Fjármálaeftirlitið íslenska hefur ekki viljað tjá sig um þetta mál opinberlega, en þó hefur stofnunin upplýst að sunnudaginn 5. október hafi hún verið í símasambandi við breska systurstofnun sína. Í svari stofnunarinnar við fyrirspurn um þetta efni kemur fram að hún geti ekki tjáð sig opinberlega um efni samskipta við aðra eftirlitsaðila þar sem hún sé bundin trúnaði, sbr. ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.<sup>131</sup>

<sup>128</sup> Jónas Fr. Jónsson, viðtal 28. maí 2009.

<sup>129</sup> 23. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>130</sup> Jónas Fr. Jónsson, viðtal 28. maí 2009.

<sup>131</sup> Svar viðskiptaráðuneytisins við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttir, dags. 4. febrúar 2009.

Jónas hafði samband við Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra Landsbankans, í kjölfar samtals þeirra Sants, og hvatti Landsbankamenn að hafa samband við breska fjármálaeftirlitið. Var afraðið að bíða með það fram eftir degi eða að loknum frekari viðræðum Landsbankamanna við ráðherra og Seðlabanka. Jónas Fr. Jónsson hafði ekki frekari spurnir af þessum máli þann daginn og átti ekki fleiri samtöl við bankastjóra Landsbankans.<sup>132</sup>

Um kaffileytið átti Halldór Jón samtal í síma við Davíð Oddsson seðlabankastjóra, sem sagðist engu geta lofað um 200 milljónirnar – bankanum yrði svarað daginn eftir.<sup>133</sup> Jón Þorsteinn Oddleifsson átti í viðræðum þennan dag við Sturlu Pálsson, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans. Jón Þorsteinn sá einnig um samskipti bankans við breska fjármálaeftirlitið umræddan dag. Landsbankamenn lögðu fram fjölda traustra veða fyrir fyrirhuguðu láni, þar á meðal voru ríkisskuldabréf, skuldabréf á aðra banka, erlend hlutabréf og framvirkir samningar á íslenska lífeyrissjóði.

Um kl. 20:00 hófust viðræður Landsbankamanna við Hector Sants, yfirmann breska fjármálaeftirlitsins, og samstarfsfólk hans, þar sem breska fjármálaeftirlitið krafðist 200 milljóna punda tryggingu sem lögð skyldi inn á reikning Barclays eða seðlabanka Bretlands til að mæta útstreymi af Icesave-reikningum, en 200 milljónir punda jafngiltu um 35 milljörðum íslenskra króna. Einnig var þess krafist að bankinn greiddi 53 milljónir sterlingspunda vegna Heritable-bankans, bresks dótturfélags hans. Þá skýrðu stjórnendur bankans frá því að uppi væru hugmyndir um samruna hluta Glitnis við Landsbankann, sem gæfi bankanum enn frekari eignir til að mæta óskum breska fjármálaeftirlitsins. Helstu tíðindi þessa fundar voru þau að breska fjármálaeftirlitið léði nú fyrst máls á því að flytja Icesave-reikningana í breska lögsögu með hraðvirkri dótturfélagavæðingu. Skilyrði þessa var þó að 200 milljónir sterlingspunda yrðu til reiðu þá þegar næsta morgun.<sup>134</sup>

Næðist samkomulag um þessi mál var forstjóri breska fjármálaeftirlitsins reiðubúinn að kynna það opinberlega með yfirlýsingu strax næsta dag, en með því móti yrði dregið úr útlæði af Icesave reikningum bankans – jafnvel næðist alveg að stöðva það.

Að loknum þessum fundi var upplýsingum um niðurstöður hans undireins komið á framfæri við Seðlabanka Íslands, en bréf þar að lútandi var stílað á Ingimund Friðriksson bankastjóra. Þar var minnst á að viðræður væru í gangi um að

---

<sup>132</sup> Jónas Fr. Jónsson, viðtal 28. maí 2009.

<sup>133</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>134</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009. – Kjartan Gunnarsson, viðtal 17. mars 2009. – Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 24. mars 2009.

framkvæma hraðvirka dótturfélagavæðingu ICESAVE reikninganna í Bretlandi. Í sambandi við það er Landsbankinn að óska eftir því að þeim takmörkunum sem kynntar voru á innlánastarfseminni verði breytt.<sup>135</sup>

Þetta bréf mun ekki hafa borist Seðlabankamönnum þá um kvöldið, en fulltrúi Landsbankans kom að lokuðum dyrum í Seðlabanka. Stjórnendur hans voru haldnir til síns heima.<sup>136</sup> Seðlabankinn hefur lýst því yfir opinberlega að bankanum hafi ekki verið kunnugt um að breska fjármálaeftilitsins hafi ljáð máls á flutningi Icesave-reikninganna í breska lögsögu með hraði – þvert á það sem Landsbankamenn fullyrða.<sup>137</sup> Hér stendur því orð á móti orði.

Hin nýju tíðindi af samtali bankastjóranna með Hector Sants lögðust vel í menn. Þegar því lauk var Björgólfur Thor staddur á fundi með Kaupþingsmönnum í húsi Existu við Tjarnargötu. Klukkan 20:57 sendi Andri Sveinsson bankaráðsmaður honum svohljóðandi sms-skilaboð: „Allir mjög katir stadan hefur breyst“. Tilkynnti Björgólfur Thor viðstöddum að stadan hefði breyst til batnaðar, en þarna voru staddir Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, Birgir Már Ragnarsson, lögfræðingur Samsonar, Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbankans, Ágúst og Lýður Guðmundssynir, kenndir við Bakkavör, Sigurður Einarson og Hreiðar Már frá Kaupþingi og lögfræðingur og þeirra vegum.<sup>138</sup>

Að loknum fundi Landsbankamanna með Hector Sants hafði Sigurjón Þ. Árnason samband við Tryggva Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, í því skyni að koma á fundi með forsætisráðherra. Mikið lægi við og bankastjórar þyrftu að ná undireins tali af honum og kynna þá nýju stöðu sem upp væri komin. Tryggvi Þór mun hafa verið tregur til að koma á þessum fundi og því hringdi Halldór J. Kristjánsson til Jóns Sigurðssonar, formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins.<sup>139</sup> Jón Sigurðsson hafði milligöngu um fund bankastjóranna með forsætisráðherra og skyldi hann hefjast kl. 22:00 í ráðherrabústaðnum. Þar stóð til að ræða hina nýju og gerbreyttu stöðu sem upp var komin, en að mati Landsbankamanna hefði átt sér stað 180 gráðu viðsnúningur í afstöðu Bretanna. Breska fjármálaeftirlitið hafði á umliðnum vikum og mánuðum sýnt Landsbankanum mikla hörku í viðræðum og jafnvel óbilgirmi.<sup>140</sup> Jón Sigurðsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, orðaði það svo á fundi þennan sama dag að breska fjármálaeftirlitið hefði fram til þessa farið „algjörlega offari“ gagnvart Landsbankanum.<sup>141</sup> Hér höfðu því orðið tímamót.

<sup>135</sup> Bréf bankastjóra Landsbanka Íslands hf. til Ingimundar Friðrikssonar seðlabankastjóra, dags. 5. október 2008.

<sup>136</sup> Kjartan Gunnarsson, viðtal 17. mars 2009. – Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>137</sup> Fréttir Stöðvar 2, 27. október 2008.

<sup>138</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>139</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>140</sup> Kjartan Gunnarsson, viðtal 17. mars 2009.

<sup>141</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

Bankastjórar Landsbankans voru mættir við ráðherrabústaðinn kl. 22:00 til að hitta forsætis- og viðskiptaráðherra. Tryggvi Þór Herbertsson tók á móti þeim og vísaði þeim inn í litla stofu í húsinu austanverðu, en ríkisstjórnin var þá stödd á fundi uppi á lofti. Meðan þess var beðið að fundur hæfist áttu bankastjórnir samræður við Tryggva Þór og nokkru síðar bættist Jón Sigurðsson í hópinn og sat með þeim í um klukkustund. Í samtali þeirra fjórmenninga, bankastjóranna, Tryggva Þórs og Jóns, voru málin rædd almennt og þeim tveimur síðarnefndu mun hafa verið gert kunnugt um að ný staða væri komin upp sem greitt gæti fyrir samningum við breska fjármálaeftirlitið. Ekkert varð síðan af fundi með ráðherrunum, en flestallir ráðherrar munu hafa verið komnir í húsið á þessum tíma. Ingimundur Friðriksson sat á fundi með ráðherrunum á þessum tíma.<sup>142</sup> Ráðherrarnir yfirgáfu síðan húsið meðan bankastjórnir biðu, en alls biðu þeir í hálfra aðra klukkustund. Það verður að teljast mjög ámælisvert af ráðherrum að hunsa bankastjórana með þessum hætti. Á stjórnvöldum hvílir rannsóknarskylda og má ætla að sú skylda sé meiri eftir því sem hagsmunirnir verða víðfemari, en líkast til hafa sjaldan eða aldrei verið jafnmiklir hagsmunir í húfi.

Höfundur þessarar skýrslu innti Björgvin G. Sigurðsson álit á umræddri uppákomu í ráðherrabústaðnum. Hann telur að hér hljóti að hafa verið einhver „klaufaskapur“ á ferð og fundurinn líkast til stangast á við þingflokksfundi.<sup>143</sup>

Í viðtali við höfund þessarar skýrslu lét Tryggvi Þór Herbertsson svo um mælt að hann teldi ekkert athugasvert við það að bankastjórnir skyldu ekki hafa verið virtir viðlits. Stjórnvöld hafi verið hætt að treysta bankastjórum allra bankanna á þessari stundu – og að auki hafi þeir ætlast til þess að hafa ótakmarkaðan aðgang að forsætisráðherra. Það hafi lítið verið að marka orð bankastjóranna og forsætisráðherra einfaldlega haft öðrum hnöppum að hneppa á þessari stundu.<sup>144</sup> Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, vísar þessum ummælum til föðurhúsana. Það sé til að mynda alrangt að bankastjórnir hafi ætlast til þess að hafa ótakmarkaðan aðgang að forsætisráðherra.<sup>145</sup>

Tryggvi Þór segir að sér hafi verið ókunnugt um hvert efni þessa fundar skyldi vera, en Sigurjón Þ. Árnason aftekur með öllu að Tryggvi Þór hafi ekki vitað um tíðindin. Honum hafi þá þegar verið gerð nákvæmlega grein fyrir þeirri nýju stöðu sem upp væri komin. En Tryggvi Þór hafði heitið Sigurjóni því að tilkynna forsætisráðherra að Bretarnir léðu nú máls á hraðvirkri dótturfélagavæðingu.<sup>146</sup> Tryggvi lét hins vegar ógert að gera forsætisráðherra viðvart og það var ekki fyrr en næsta morgun sem Tryggvi Þór færði hina hraðvirku dótturfélagavæðingu í tal við yfirmann sinn.

Geir H. Haarde yfirgaf ráðherrabústaðinn skömmu fyrir klukkan ellefu og ræddi við blaðamenn. Sagði hann óþarft að gera nokkuð eins og sakir stæðu. Orðrétt mælti hann:

<sup>142</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 115.

<sup>143</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>144</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>145</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 31. júlí 2009.

<sup>146</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009. – Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

„Þessi helgi hefur skilað því að við teljum núna ekki lengur nauðsynlegt að vera með sérstakan pakka með aðgerðum.“<sup>147</sup> Ummæli forsætisráðherra komu sem þrúma úr heiðskýru lofti. Halldór J. Kristjánsson átti samtalið við Geir í kjölfar yfirlýsingarinnar. Halldór Jón segir Geir hafa gert sér grein fyrir því í samtalinu að Landsbankinn þyrfti á 200 milljónum punda að halda þá þegar í birtingu. Þá hefði Geir verið meðvitaður um að komandi dagur yrði mikill örlagadagur fyrir bankann. Ef ekki fengist lausafjárþingreiðsla yrði ekki hægt að sporna við útlæði af innlánsreikningum bankans í Bretlandi. Halldór minnst þess ekki hvort hraðvirk dótturfélagavæðing Icesave-reikninganna bar á góma þessu samtali.<sup>148</sup>

Heiðar Már Guðjónsson, persónulegur ráðgjafi Björgólfs Thors, ræddi við Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, í síma á sama tíma og Halldór Jón talaði við Geir. Þeir Geir og Björn voru þá staddir á sama stað. Það er skilningur Heiðars að Geir hafi gefið Landsbankanum fyrirheit um greiðslu 200 milljónanna.<sup>149</sup> Halldór J. Kristjánsson segir þennan skilning Heiðars Mús alrangan, engan veginn hefði verið hægt að túlka samtalið með þessum hætti.<sup>150</sup> Undir það tekur Björn Bjarnason, sem segir að aldrei hafi verið gefið neitt fyrirheit af þessu tagi – alla vega sé honum ekki kunnugt um slíkt. Mál sem þessi kæmu ekki inn á borð ríkisstjórnar og hefðu aldrei gert á þeim 13 árum sem hann hefði setið í ríkisstjórn. Menn hafi verið að hringja til að reyna að „garantía“ lán. Ljóst væri í sínum huga að ákvarðanir sem þessar yrðu ekki teknar í einkasamtölum manna á milli. Björn metur það svo að Landsbankamenn hafi verið komnir í öngstræti. Umræddar 200 milljónir punda hefðu ekki getað bjargað bankanum.<sup>151</sup>

Jón Þór Sturluson, þáverandi aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, er á öðru máli um afgreiðslu málsins. Hann telur að svo mikil fjárútlát geti ekki verið einkamál Seðlabankans – að minnsta kosti þurfi að koma til samþykki fjármálaráðherra. Hér hafi verið um að ræða tvöfalt eigið fé Seðlabankans. Jón Þór kveðst ekki þekkja til þess hvernig þessu máli vatt fram um kvöldið. Hins vegar sé ljóst að þá um kvöldið hafi stjórnvöld dregið víglínu um Kaupþing.<sup>152</sup>

Sumir viðstaddir fulltrúar Landsbankans og eigenda bankans voru þó þeirrar skoðunar eftir þessi samtöl Halldórs Jón og Heiðars að tryggt væri að bankinn fengi umrædda fyrirgreiðslu – lánalínan væri trygg. Raunar töldu menn sumir hverjir jafnvel að þeir hefðu fengið umrædda vitneskju úr fleiri áttum.<sup>153</sup> Skylt er að áréttu að Halldór J.

<sup>147</sup> „Ekki þörf á aðgerðapakka“. *mbl.is*, 5. október 2008.

<sup>148</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>149</sup> Heiðar Már Guðjónsson, viðtal 27. mars 2009.

<sup>150</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 31. júlí 2009.

<sup>151</sup> Björn Bjarnason, viðtal 25. maí 2009.

<sup>152</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>153</sup> Hér er vísað til samtala við ýmsa af þeim sem þarna voru viðstaddir, þó er skylt að taka fram að þeir Halldór J. Kristjánsson og Kjartan Gunnarsson kannast ekki við þennan skilning.

Kristjánsson, fyrrverandi bankastjór Landsbankans, og Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi varaformaður bankaráðs, kannast ekki við þennan skilning.

Jón Þorsteinn Oddleifsson, forstöðumaður fjárstýringar á verðbréfasviði Landsbankans, sendi tölvubréf til Michael Ainley hjá breska fjármálaeftirlitinu klukkan 1:45 aðfararnótt 6. október, en afrit af þeim tölvupósti var sent til Gunnars Viðar, forstöðumanns lögfræðiráðgjafar bankans. Í bréfinu segir meðal annars:

I have been informed by my CEOs that a transfer of the amount of GBP 200 million in favour of Landsbanki London branch is required tomorrow to meet potential further Icesave outflows and the amount of GBP 53 million in favour of Heritable Bank by the end of tomorrow.<sup>154</sup>

Þá átti Björgólfur Thor samtalið við Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra á þriðja tímanum um nóttina. Mun Guðlaugur hafa staðfest að Landsbankamenn þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að umræddar 200 milljónir punda fengjust greiddar.<sup>155</sup>

Tryggvi Þór Herbertsson hefur greint frá því í viðtali að hann hafi rætt við Sigurjón Þ. Árnason seint að kvöldi 5. október og seinast klukkan þrjú um nóttina. Um þessi samtöl hefur Tryggvi sagt:

Ég skildi Sigurjón þannig að þetta væru samskipti á milli Landsbankans og Seðlabankans og þetta væri viðleitni þeirra til að fá 200 milljóna punda lán hjá Seðlabankanum til að tryggja að þeir fengju hraða afgreiðslu Icesave-reikninganna yfir í breska lögsögu. Þetta var ekki þannig að verið væri að biðja um eitt eða neitt heldur halda okkur upplýstum. Eins og Sigurjón sagði mér frá þessu var frestur gefinn fyrst til klukkan sex um morguninn.

Að sögn Tryggva var Geir H. Haarde ekki gert kunnugt um þessi samskipti eða þá hugsanlega hraðvirka dótturfélagavæðingu Icesave. Kvaðst Tryggvi hins vegar hafa gert Geir grein fyrir þessu daginn eftir.

Einnig mun Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, hafa rætt við Eirík Guðnason seðlabankastjóra símleiðis að kvöldi 5. október og sagt honum frá því að bankanum byðist að færa Icesave-reikningana í breskt dótturfyrirtæki á fimm dögum. Óljóst er hvort Yngvi Örn upplýsti Eirík um að skilyrði þessa væri að degi síðar myndi bankinn reiða fram 200 milljónir punda.

Jóni Þór Sturlusyni, aðstoðarmanni viðskiptaráðherra, var gert viðvart um þessa nýju stöðu símleiðis seint um kvöldið. Hann tilkynnti þá bankastjóra Landsbankans að hin góða þróun á flýtimeðferð vegna Icesave væri þannig að mati yfirmanna hans að rétt væri að láta málið fréttast til fjölmiðla. Taldi Halldór J. Kristjánsson að þar ætti Jón Þór við

<sup>154</sup> Tölvubréf Jóns Þ. Oddleifssonar til breska fjármálaeftirlitsins, dags. 6. október 2008.

<sup>155</sup> Björgólfur Thor Björgólfsson, viðtal 27. mars 2009.

lykilráðherra, ekki viðskiptaráðherrann eingöngu.<sup>156</sup> Bankastjórinn hugði þó ekki rétt að gefa út opinbera yfirlýsingu um þessi mál nema að höfðu samráði við bresk stjórnvöld.<sup>157</sup> Jón Þór staðfesti það í sjónvarpsþættinum *Markaðnum* hinn 18. október að boðið hefði verið upp á flýtimeðferð á flutningi umræddra reikninga „á síðustu metrunum“. Jón Þór hafði rætt þessi mál við Jónas Fr. Jónsson þá fyrir um daginn. Hafði Jónas tjáð honum þá að Bretarnir væru tilbúnir til að flýta dótturfélagavæðingu innlánsreikninga Landsbankans á Bretlandseyjum gegn því að tiltekin greiðsla bærist.<sup>158</sup> Björgvini G. Sigurðssyni var sömuleiðis á sunnudeginum greint frá möguleika á flýtimeðferð við færslu Icesave-reikninganna í breska lögsögu.<sup>159</sup>

Svo virðist á öllu sem Davíð Oddssyni hafi ekki verið gert kunnugt um þetta mál.<sup>160</sup>

Geir H. Haarde forsætisráðherra neitaði því hinn 22. desember 2008 að hafa haft nokkra vitneskju um möguleikann á hraðvirkri dótturfélagavæðingu Icesave-reikninganna að kvöldi 5. október. Ráðherrann var einnig inntur álits á því að sama tilefni hvort að embættismenn eða ráðgjafar hans hefðu haft vitneskju um fyrirhugaða flýtimeðferð. Kvaðst Geir ekki hafa verið kunnugt um slíkt.<sup>161</sup> Þetta svar er ekki afdráttarlaust, enda varð síðar ljóst að Tryggva Þór Herbertssyni, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, var fullkunnugt um málið.

Ef hlýtt er á símtal þeirra starfsbræðra, Alistair Darling og Árna M. Matthiesen, sem um getur hér síðar, þá er fremur að heyra sem Árna hafi verið kunnugt um 200 milljónirnar sem til þurfti, svo unnt yrði að færa Icesave-reikninga bankans yfir í breska lögsögu. Sjálfur hefur Árni neitað vitneskju um þetta mál.

Sú hraðvirka dótturfélagavæðing sem hér er títtnefnd virðist því af öllu hafa verið vel kynnt. Um þetta atriði er meðal annars getið í minnisblaði bankastjórnar Landsbankans til skilanevndar bankans, dags. 8. október 2008.<sup>162</sup> Hennar er líka getið í yfirlýsingu bankans frá 14. október 2008.<sup>163</sup>

Þá var það skilningur sumra stjórnenda Landsbankans og fulltrúa stærstu hluthafa að minnsta kosti að fyrir lægi vilyrði, jafnvel samþykki æðstu ráðamanna fyrir umræddum 200 milljónum punda líkt og áður var nefnt.<sup>164</sup>

<sup>156</sup> Halldór J. Kristjánsson, viðtal 23. mars 2009.

<sup>157</sup> Yfirlit yfir atburðarás 27. september – 10. október 2008, bls. 7.

<sup>158</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>159</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>160</sup> Tölvubréf í vörslu höfundar, dags. 8. desember 2008.

<sup>161</sup> Svar forsætisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, dags. 22. desember 2008.

<sup>162</sup> Minnisblað bankastjórnar Landsbanka Íslands hf. til skilanevndar bankans, dags. 8. október 2008.

<sup>163</sup> Yfirlýsing frá Landsbankanum vegna umfjöllunar um alþjóðleg innlán, dags. 14. október 2008.

<sup>164</sup> Ýmsir heimildarmenn úr röðum æðstu stjórnenda Landsbankans og fleiri.



Sigrún Davíðsdóttir, fréttaritari ríkisútvarpsins í Lundúnum, kveðst hafa borið umrædda flýtleið undir stjórnendur breska fjármálaeftirlitsins, sem sögðust ekki vilja ræða einstök mál. Hún bar þetta sömuleiðis undir talsmann breska fjármálaráðuneytisins og þar á bæ könnuðust menn ekki við að til hafi staðið að færa Icesave-reikninga Landsbankans í breska lögsögu með flýtimeðferð.<sup>165</sup>

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, spurðist fyrir um það á Alþingi hinn 9. desember 2008 hvort Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefði haft vitneskju um að tilboð breska fjármálaeftirlitsins um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri stofnunin tilbúin að færa Icesave-reikninga bankans yfir í breska lögsögu. Svar ráðherrans barst hinn 4. febrúar 2009. Neitaði hann því að hafa haft vitneskju um slíkt. Siv hefur sömuleiðis borið upp fyrirspurn við utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra um það hvort að í ráðuneytum þeirra séu til gögn sem bendi til þess að mögulega hefði mátt flýta því að „Bretar tækju Icesave-ábyrgðir í breska lögsögu“ eins og það er orðað.<sup>166</sup> Svör ráðuneytanna eru öll á eina lund: Engin gögn finnast um þetta mál.<sup>167</sup>

Siv spurði forsætisráðherra um það á Alþingi hinn 16. mars hvort að til væru minnisblöð, hljóðritanir símtala eða önnur gögn í hans ráðuneyti, sem vörðuðu samskipti íslenskra og breskra stjórnvalda, þ.m.t. ráðherra, dagana 3.–6. október. Siv spurðist enn fremur fyrir um það hvort umrædd gögn, væru þau til, vörðuðu ljósi á flutning Icesave-reikninganna í breska lögsögu. Þá bar hún einnig upp þá fyrirspurn við forsætisráðherra, hvort til væru minnisblöð, hljóðritanir símtala eða önnur gögn sem bentu til þess að forsætisráðherra hefði með einhverjum hætti komið að ákvörðun Seðlabankans um lánveitingar til Landsbankans eða Kaupþings á framangreindum tíma.<sup>168</sup> Svar forsætisráðuneytisins barst hinn 17. apríl og er svohljóðandi:

Öll tiltæk gögn í ráðuneytinu sem varða aðdraganda bankahrunsins, þ.m.t. minnisblöð um samtöl þáverandi forsætisráðherra við breska ráðamenn í byrjun október sl., hafa verið afhent rannsóknarnefnd Alþingis sem starfar samkvæmt lögum nr. 142/2008. Það er verkefni rannsóknarnefndarinnar að leita sannleikans um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, sbr. 1. gr. laganna. Forsætisráðuneytið telur því ekki rétt að það leggi mat á þýðingu fyrirbyggjandi gagna. Ráðuneytið telur heldur ekki rétt að það endursegi efni gagnanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna, þar sem gert er ráð fyrir sérstöku ferli við upplýsingagjöf um störf rannsóknarnefndarinnar til Alþingis. Einnig má benda á að skv. 3. mgr. 16. gr. laganna er opinberum aðilum óheimilt að veita aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur fengið afhent, nema

<sup>165</sup> Pistill Sigrúnar Davíðsdóttur, fréttaritara ríkisútvarpsins í Lundúnum, 30. desember 2008.

<sup>166</sup> Fyrirspurnir Sivjar Friðleifsdóttur til utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, dags. 16. mars 2009.

<sup>167</sup> Svar utanríkisráðherra, dags. 23. mars 2009, svar fjármálaráðherra, dags. 30. mars 2009 og svar viðskiptaráðherra, dags. 1. apríl 2009.

<sup>168</sup> Fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur til forsætisráðherra, dags. 16. mars 2009.

með samþykki nefndarinnar. Ráðuneytið er reiðubúið að kynna utanríkismálanefnd gögnin í trúnaði, sbr. 24. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, enda geri rannsóknarnefndin ekki athugasemdir við það.<sup>169</sup>

Það varð því úr að rannsóknarnefndin gekk á fund utanríkismálanefndar hinn 23. apríl síðastliðinn og upplýsti um innihald þessara gagna. Hér var um að ræða ýmis gögn úr forsætisráðuneyti, sem varpa ljósi á þá ákvörðun stjórnvalda að bjarga ekki Landsbankanum. Skjöl þessi varða að miklu leyti Icesave-innlánsreikninga bankans. Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri tók saman þennan pakka fyrir utanríkismálanefnd. Ekki þótti við hæfi að birta gögnin og því voru gerð þau afbrigði að kynna nefndarmönnum gögnin í trúnaði, en Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen mættu einnig á fundinn og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Heimildarmenn í utanríkismálanefnd segja að af þessum gögnum megi álykta að áhlaup væri hafið á innlánsreikninga bankans í Bretlandi og sagan sýndi að slíkt væri óviðráðanlegt. Sérfræðingar J.P. Morgan munu meðal annars hafa verið þessarar skoðunar.<sup>170</sup> Geir H. Haarde mun einnig hafa sagt við Davíð Oddsson: „Það er hafið „run“ og við getum ekki stoppað það.“<sup>171</sup> Það voru lykirláðherrar sem tók ákvörðun um að veita lánið til Kaupþings með veði í FIH bankanum danska, en formlega var ákvörðunin Seðlabankans. Tryggvi Þór Herbertsson segist hafa metið það svo að unnt hefði verið að bjarga Kaupþingi, en ekki Landsbankanum, og vísar til gríðarmikils útflæðis af Icesave-reikningunum. Alltént var ljóst í hans huga að ekki yrði báðum bönkum bjargað.<sup>172</sup>

Hins vegar er sláandi að svo virðist sem engin vönduð úttekt hafi verið gerð á þessum málum. Til að mynda var enginn samanburður gerður á Kaupþingi og Landsbankanum. Sá skilningur stjórnvalda var afdráttarlaus að Landsbankinn væri „farinn“. Þá er svo að skilja sem stjórnvöldum hafi verið um ókunnugt um margt varðandi Kaupþing. Bresk stjórnvöld hófu til að mynda að kyrrsetja eignir Kaupþings hinn 2. október vegna hinna margumræddu fjármagnsflutninga Kaupþings og óvíst er hvort íslenskum stjórnvöldum var kunnugt þar um.<sup>173</sup>

Í forsætisráðuneytinu starfaði þessa helgi ráðgjafahópur fjögurra valinkunnra hagfræðinga, þeirra Friðriks Mús Baldvinssonar, Jóns Steinssonar, Jóns Þórs Sturlusonar og Tryggva Þórs Herbertssonar. Þessi hagfræðingahópur fékk að taka myndir af gögnum hjá Fjármálaeftirlitinu, en bankastjórar viðskiptabankanna höfðu veitt leyfi til slíks. Hópurinn kannaði meðal annars leiðir sem færar hefðu verið til að draga saman efnahagsreikning bankanna, en sjónarmið þeirra allra fjögurra hagfræðinganna var að minnka þyrfti bankakerfið hratt, þar sem engin von væri um fjármögnun. Tilteknar

<sup>169</sup> Svar forsætisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, dags. 17. apríl 2009.

<sup>170</sup> 24. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>171</sup> 25. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>172</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>173</sup> 26. ónafngreindi heimildarmaður.

einingar mætti hugsanlega selja með skjótum hætti. Hér yrði líka að athugast að sameiningar banka hefðu aldrei orðið nein töfralausn.<sup>174</sup>

Geir H. Haarde, Árni M. Mathiesen, Björgvin G. Sigurðsson og Össur Skarphéðinsson sátu að fundum í ráðherrabústaðnum fram til klukkan hálf þrjú um nóttina. Verkefni helgarinnar höfðu einkum hvílt á herðum þeirra fjögurra.<sup>175</sup> Þar voru einnig fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og sérfræðingar frá J.P. Morgan. Einn bankamannanna mun hafa sagt að „þetta væri búið“.<sup>176</sup> Þá mun Björgvin G. Sigurðsson hafa látið svo um mælt að Landsbankinn væri „farinn“. Bretarnir yrðu svo bara að taka ábyrgðina á innlánsreikningunum – síðan yrðu „fundnar leiðir út úr þessu“.<sup>177</sup>

Vinna við frágang neyðarlaganna var hafin.

### Neyðarlög

Lengi hafði verið fyrirbyggjandi „grunnur“ að neyðarlögum sem unnt hefði verið að grípa til við meiriháttar fjármálaáföll. Raunar eru til og hafa lengi verið til margs konar viðbragðsáætlanir í Seðlabankanum. Þá hefur sérstakur viðbragðshópur um fjármálaáföll verið að störfum í tvö ár. Vinna við frágang frumvarps til hinna svokölluðu neyðarlaga hófst síðdegis á sunnudeginum og frumvarpið var samið um nóttina. Tryggvi Þór Herbertsson hafði sjálfur yfirumsjón með samningu neyðarlaganna og naut til þess aðstoðar fulltrúa fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Fjármálaeftirlits. Fulltrúar J.P. Morgan voru þeim til halds og traust og sömuleiðis menn frá McKinsey (tveir menn þaðan).<sup>178</sup> Af hálfu viðskiptaráðuneytis komu þær Jónína S. Lárusdóttir ráðuneytisstjóri og Áslaug Árnadóttir skrifstofustjóri að samningu neyðarlaganna.<sup>179</sup>

## 6. október, mánudagur

Laust fyrir kl. 1:00 um nóttina barst tilkynning til fjölmiðla þar sem íslensk stjórnvöld áréttuðu að allar innistæður Íslendinga í innlendum viðskiptabönkum yrðu tryggðar að fullu, en það var ekki fyrr en kl. 3:00 sem fundi fjögurra ráðherra, fulltrúa Fjármálaeftirlitsins og sérfræðinga frá J.P. Morgan lauk.

Björgvin G. Sigurðsson segir svo frá að eftir miðnætti hafi þeim lykilráðherrunum orðið ljóst að Landsbankanum yrði ekki bjargað og setja þyrfti neyðarlög. Þetta hafi verið gert að ráðleggingum fulltrúa J.P. Morgan. Björgvin tekur fram í þessu sambandi að menn hafi alla helgina sveiflast í afstöðu til þess hvort Landsbankanum yrði bjargað eður ei.<sup>180</sup> Sjálfstæðisráðherrarnir munu hafa verið þónokkuð í sambandi við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og varaformann flokksins, og þá var reglulega hringt til Ingibjargar Sólrúnar. Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra,

<sup>174</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>175</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>176</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, bls. 119.

<sup>177</sup> 27. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>178</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

<sup>179</sup> Jón Þór Sturluson, viðtal 14. maí 2009.

<sup>180</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

Kristján Möller samgönguráðherra og Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingar, voru upplýst reglulega um gang mála. Það er mat Björgvins G. Sigurðssonar að Samfylkingunni hafi tekist betur en Sjálfstæðismönnum að halda sínum mönnum upplýstum um þessi mál.<sup>181</sup>

Stjórnendur Landsbankans biðu allan morguninn eftir svari Seðlabankans. Árla sendu þeir bréf til Seðlabankans þar sem óskað var eftir því að áður umbeðin endurhverf viðskipti færu fram án tafar. Þetta var ítrekað skömmu fyrir hádegi. Seðlabankinn hafnaði loks óskunum rétt eftir hádegi.<sup>182</sup> Davíð Oddsson tjáði bankastjórum á fundi um miðjan dag að ríkisstjórnin hefði bara viljað setja peninga í Kaupþing og því gæti Seðlabankinn ekki veitt Landsbankanum umrætt lán.<sup>183</sup> Bankinn var enn skuldbundinn vegna þjóðnýtingar Glitnis og fjármunir á þrotum. Einn heimildarmanna höfundar segir að Davíð Oddssyni hafi verið þvert um geð að lána Kaupþingi, en hann hafi engu fengið um þetta ráðið – ákvörðunin væri ríkisstjórnarinnar.<sup>184</sup> Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, segir ákvörðunina hafa verið Seðlabankans, en hins vegar hafi vilji ríkisstjórnarinnar legið fyrir – ráðherrar töldu að Landsbankinn væri kominn að fótum fram vegna mikils fyrrsjáanlegs útstreymis af innlánsreikningum bankans í Bretlandi.<sup>185</sup>

Þennan sama dag barst Landsbankanum bréf frá breska fjármálaeftirlitinu þar sem þess var krafist að bankinn nýtti sér ekki samningsbundna skilmála sem veittu honum heimild til þess að takmarka tímabundið eða stöðva úttektir í 60 daga af reikningum útibús Landsbankans í Lundúnum. Bréf þetta er undirritað af Hector Sants, forstjóra breska fjármálaeftirlitsins.<sup>186</sup> Stjórnendur bankans svöruðu bréfinu um hæl og mótmæltu því harðlega þar sem umræddar aðgerðir gætu haft í för með sér fall bankans. Krafa breska fjármálaeftirlitsins væri til þess fallin að vernda hagsmuni þarlendra viðskiptavina bankans á kostnað annarra. Að mati Landsbankamanna var breska fjármálaeftirlitið komið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt evrópskum lögum og ógnaði kerfislegum stöðugleika bankans. Stjórnendur bankans lögðu því fyrir Bretana að endurskoða afstöðu sína og fella ákvörðunina úr gildi.<sup>187</sup> Þeirri kröfu var hafnað. Breska fjármálaeftirlitið stóð við sína fyrri ákvörðun.<sup>188</sup> Það svar var sent bankanum bréfleiðis og er dagsett 13. október. Þá var margt orðið öðruvísi umhorfs.

<sup>181</sup> Sama heimild.

<sup>182</sup> Þrjú bréf bankastjóra Landsbanka Íslands hf. til Seðlabanka Íslands, öll dagsett 6. október 2008. Yfirskriftir bréfanna eru: Beiðni um endurhverf viðskipti og Staða Landsbanka Íslands hf. Hið þriðja er án titils.

<sup>183</sup> Sigurjón Þ. Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>184</sup> 28. ónafngreindi heimildarmaður.

<sup>185</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>186</sup> Bréf breska fjármálaeftirlitsins til Landsbanka Íslands hf., dags. 6. október 2008.

<sup>187</sup> Bréf bankastjóra Landsbanka Íslands hf. til breska fjármálaeftirlitsins, dags. 7. október 2008.

<sup>188</sup> Bréf Hectors Sants, forstöðumanns breska fjármálaeftirlitsins, til bankastjóra Landsbanka Íslands hf., dags. 13. október 2008.

Laust fyrir hádegi hófst fundur fulltrúa lífeyrissjóða með yfirmönnum Fjármálaeftirlits, Seðlabanka og fjármálaráðuneytis. Á fundinum æsktu lífeyrissjóðirnir svara við þeirri áætlun í 18 liðum sem lögð hafði verið fram daginn áður, en sú áætlun fólst meðal annars í flutningi hluta eigna sjóðanna hingað heim.

Um daginn átti Davíð Oddsson fund með efnahags- og skattanefnd Alþingis. Heimildir herma að þar hafi hann sagt það persónulega skoðun sína að íslenska ríkið þyrfti ekki að ábyrgjast innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans.

Kl. 16:00 þennan dag flutti forsætisráðherra ávarp til þjóðarinnar. Þar sagði hann meðal annars að sú hætta væri „raunveruleg, góðir landsmenn, að íslenska þjóðarbúið myndi, ef allt færi á versta veg, sogast með bönkunum inn í brimrótið og afleiðingin yrði þjóðargjaldþrot“.<sup>189</sup>

Kl. 18:00 boðaði Geir til blaðamannafundar þar sem kynnt var frumvarp til „neyðarlaga“, sem áttu sér nokkurn aðdraganda, samanber það sem að framan greinir. Eitt af helstu nýmælum þeirra laga var að Fjármálaeftirlitinu yrði gert heimilt að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna „sérstakra aðstæðna eða atvika“. Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi, nr. 125/2008, skömmu fyrir miðnætti. Þingmenn stjórnarflokkanna og Framsóknarflokks greiddu atkvæði með, en frjálsslyndir og vinstri grænir sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Ef til vill hefði mátt koma í veg fyrir að ábyrgð á innlánsreikningum bankanna erlendis félli á ríkið ef sett hefði verið í lög ákvæði þess efnis að kröfur tryggingasjóðs innlána nytu forgangs við gjaldþrotaskipti. Með því móti hefði tapið lent á öðrum kröfuhöfum og ríkissjóður hugsanlega komist hjá því að ábyrgjast innistæðurnar. Enn er erfitt að segja hve stór hluti ábyrgðar á innlánsreikningum Landsbankans erlendis mun lenda á ríkissjóði. Það ræðst af því hversu mikið fæst fyrir erlendar eignir bankans, en eignirnar voru að mestum hluta í evrum, en sterlingspund hefur lækkað talsvert gagnvart evru að undanförmu. Innistæður á Icesave-reikningunum voru aðallega í pundum.

Í frumvarpi til nýju laganna var ákvæði til bráðabirgða er veitti Seðlabankanum heimild til tveggja ára til að eiga hlutabréf í FIH Erhvervsbank A/S. Í athugasemdum með þessu ákvæði sagði að þar sem Seðlabankinn hefði veitt Kaupþingi lán gegn veði í umræddum banka yrði að skjóta styrkari stoðum undir heimildir Seðlabankans til að eiga hluti í fjármálafyrirtækjum, ef til vanskila kæmi. Þetta ákvæði hafði hins vegar verið numið brott í lokagerð frumvarpsins og þær skýringar gefnar á þessum drögum að þeim hefði verið dreift fyrir mistök.<sup>190</sup> Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segir umrætt ákvæði hafa verið fellt út, þar sem menn teldu ekki viðeigandi að hafa ákvæði af þessu tagi inni í lögum.<sup>191</sup>

<sup>189</sup> Ávarp Geirs H. Haarde forsætisráðherra vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, 6. október 2008.

<sup>190</sup> Yfirlit yfir atburðarás 27. september – 10. október 2008, bls. 9.

<sup>191</sup> Björn Bjarnason, viðtal 25. maí 2009.

Jafnt stjórnendur sem fulltrúar stærstu eigenda Landsbankans voru mjög undrandi á þessari málsmeðferð. Fram til þessa hafði bönkum ekki staðið til boða að setja dótturfélög sín að veði. Sigurjón Þ. Árnason segir að Landsbankinn hefði getað lagt fram mun tryggari veð en Kaupþing, þar á meðal ríkisskuldabréf, skuldabréf á aðra banka, erlend hlutabréf og framvirka samninga á íslenska lífeyrissjóði. Þeim hafi hins vegar ekki staðið til boða að leggja dótturfélög að veði, en vitaskuld hafi mörg dótturfélaga Landsbankans verið mikils virði, til að mynda Heritable bankinn í Lundúnum.<sup>192</sup>

Kl. 20:00 kom bankaráð Landsbankans til fundar í tilefni að nýfluttu lagafrumvarpi en að auki var rætt um greiðslugetu bankans í ljósi þess að hann gat ekki uppfyllt nýja kröfu um að leggja til hliðar greiðslu vegna viðbótarkröfu breska fjármálaeftirlitsins. Þá hafði Seðlabanki Íslands hafnað ósk Landsbankans um endurhverf viðskipti að fjárhæð 500 milljónir evra gegn veði í úrvali góðra skuldabréfa – alls að andvirði 2,8 milljarða evra, eða fyrir meira en fimmfaldri lánsfjárhæðinni. Á þessum síðasta fundi bankaráðsins kom fram tillaga um að rætt yrði samstundis við Fjármálaeftirlitið um meðferð málefna bankans á grundvelli 5. gr. frumvarpsins, sem þá lá fyrir Alþingi. Að auki kom fram tillaga um að teknar yrðu að nýju upp viðræður við stjórnarformann og forstjóra Glitnis um hugsanlega sameiningu í því skyni að reyna hvað hægt yrði til að varðveita nokkuð af verðmæti hlutafjár Landsbankans.

Eins og áður sagði var lánsbeiðni Landsbankans að fjárhæð 500 milljónir evra hafnað en á sama tíma ákveðið að lána Kaupþingi sömu upphæð gegn óskráðum hlutabréfum í FIH bankanum danska. Í sömu viku varð ljóst að umræddur banki yrði seldur og jafnljóst að kaupendur voru ekki á hverju strái, auk þess sem verðgildi bankans rýrnaði hratt.<sup>193</sup> Ljóst er að málflutningur Landsbankamanna var hófstílltur, en Kaupþingsmenn beittu sér miklu meira. Í þessu sambandi er vert að gefa gaum þeim nánú tengslum sem voru milli stjórnenda stærstu lífeyrissjóðanna og Kaupþings. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um björgun Kaupþings, á sama tíma og Landsbankinn er látinn lönd og leið, verður að skoðast í ljósi tengsla Kaupþings við lífeyrissjóði landsins. Lífeyrissjóðirnir áttu miklu meiri hagsmuna að gæta í Kaupþingi en Landsbankanum, þar vegur þyngst gríðarmikil skulda- og hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í Kaupþingi og Existu. Aftur á móti skulduðu lífeyrissjóðirnir Landsbankanum stórfé, alls um 600 milljarða króna, sem þeir höfðu þráast við að greiða. Þessir fjármunir eru enn útstandandi skuldir gamla Landsbankans.<sup>194</sup> Þá áttu lífeyrissjóðirnir óbeinna hagsmuna að gæta í Kaupþingi vegna eignarhluta í Existu og Bakkavör. Í tilfelli banka yrði fjárfesting í þessum þremur félögum, Kaupþingi, Existu og Bakkavör álitin ein fjárfesting og ekki heimiluð, vegna hinna miklu eignatengsla.

Eftir stendur að ríkisstjórnin stóð frammi fyrir því hagsmunamati hvor bankinn yrði styrktur, Landsbanki eða Kaupþing. Ríkissjóður var á þessum tíma enn skuldbundinn vegna kaupa á 75% hlut í Glitni. Fregnir herma að erlendir ráðgjafar ríkisstjórnarinnar,

<sup>192</sup> Sigurjón Árnason, viðtal 2. júní 2009.

<sup>193</sup> „Lítill áhugi á kaupum á FIH“. Frétt *mbl.is*, 30. október 2008. – „Óljóst hvort Seðlabankinn tapar á sölu FIH“. Frétt *mbl.is*, 5. nóvember 2008.

<sup>194</sup> 29. ónafngreindi heimildarmaður.

þar á meðal frá J.P. Morgan, hafi ekki viljað taka afstöðu til þess hvorn bankann væri réttara að styðja við bakið á – til þess þyrftu þeir ýtarlegri gögn. Erlendir ráðgjafar ríkisstjórnarinnar töldu jafnvel að til þess væri ætlast að þeir legðu blessun sína yfir ákvörðun sem þegar hefði verið tekin. Heimildir herma að hinir erlendu ráðgjafar botni ekkert í ráðaleysi íslenskra stjórnvalda. Viðbúnaðarleysið hafi aukinheldur komið þeim mjög á óvart.<sup>195</sup>

## 7. október, þriðjudagur

Ríkissjóður leysti til sín Landsbankann þennan dag á grundvelli hinna nýsettu laga og sérstaklega skipuð skilanefnd tók við hlutverki yfirstjórnar bankans.

Um kvöldið þennan sama dag kom Davíð Oddsson til viðtals í *Kastljósi* ríkissjónvarpsins. Taldi hann stjórnvöld hafa brugðist hart – en rétt – við vandanum. Innan tíðar myndi alþjóðasamfélagið sjá hlutina í sama ljósi og Ísland endurheimta lánstraust sitt, auk þess sem lánakjör myndu batna með „undrahraða“ eins og það var orðað. Davíð sagði enn fremur að erlendir aðilar myndu kannski fá 5–15% upp í kröfur á íslensku bankana. *Wall Street Journal* þýddi hin afdrifaríku orð Davíðs svo: „We have decided that we are not going to pay the foreign debts of reckless people.“ Og enn fremur: „... what happens is that this foreign debt will be settled and of course it is a fact that the foreign creditors will only get 5–15% of their claims“. Við svo búið yrði landið nánast skuldlaust, en Davíð bætti því við að það „tæki tíma að síast inn“ hjá þjóðinni.

Þennan sama dag var ljóst að staða Kaupþings var orðin mjög alvarleg. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, sagði frá því að þjóðnýting Glitnis að stærstum hluta hefði orðið þess valdandi að lánshæfismat Kaupþings hefði verið lækkað. Sú leið sem valin hafi verið væri sú dýrasta sem hugsast gæti.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra átti samtalið við breskan starfsbróður sinn Alistair Darling þennan sama dag. Þar urðu eftirfarandi skoðanaskipti:

AD: Do I understand that you guarantee the deposits of Icelandic depositors?

ÁMM: Yes, we guarantee the deposits in the banks and branches here in Iceland.

AD: But not the branches outside Iceland?

ÁMM: No, not outside of what was already in the letter that we sent.

AD: But is that not in breach of the EEA treaty?

---

<sup>195</sup> 30. ónafngreindi heimildarmaður.

ÁMM: No, we don't think so and think this is actually in line with what other countries have been doing over recent days.<sup>196</sup>

Af þessu má glögglega greina þann skilning íslenskra ráðamanna að ríkissjóður Íslands bæri ekki ábyrgð á innlánum erlendra viðskiptavina, en gæti þó ábyrgst innistæður allra Íslendinga.

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður spurðist fyrir um það á Alþingi hinn 31. október hvort Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefði haft vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins um flutning Icesave-reikninga Landsbankans í breska lögsögu. Hann svaraði því afdráttarlaust neitandi. Siv spurði hann enn fremur um það í hvað hann væri að vísa í samtali við Alistair Darling, þegar Darling ber upp spurningu sem Árni svarar:

AD: Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?

ÁMM: Já, þeir fengu ekki það fé.

Árni M. Mathiesen svaraði fyrirspurn Sivjar svo að hann teldi að Darling hefði verið að vísa til annarrar fyrirgreiðslu sem Landsbankinn hefði farið fram á hjá Seðlabanka Íslands en ekki fengið.

Hér er þó til þess að líta að allt samtal þeirra starfsbræðra, Árna og Darling, snerist um tryggingasjóð innistæðueigenda. Því hefðu umræður um aðrar fyrirgreiðslur til Landsbankans varla átt við. Að neðan er brot úr samtalinu á frummálinu:

AD: ...well, I know that. Can you tell me this, if the insurance fund you refer to, does it have money to pay out?

ÁMM: They have some money but, as is with most of these funds, it is very limited to compare to the exposure.

AD: Yeah, so you don't know. See, I need to know this, in terms of what I tell people. It is quite possible that there is not enough money in that fund. Is that right?

ÁMM: Well, yes, that is quite possible.

AD: Well, that is a terrible position to be in.

---

<sup>196</sup> Útskrift af viðtali Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra við Alistair Darling, breskan starfsbróður sinn, 7. október 2008.



ÁMM: Yes, we are in a terrible position here and the legislation we were passing through last night is an emergency legislation and, as I say, we are just trying to ensure the domestic situation so that we can then secure other situations.

AD: What I...I take it therefore that the promise Landsbanki gave to us that it was going to get £200 million of liquidity back into it has gone as well.

ÁMM: Yes, they didn't get that liquidity.

### *Rússalán*

Á blaðamannafundi í Iðnó hinn 7. október var Geir H. Haarde inntur álitis á því hvers vegna leitað hafi verið til Rússa um lántökur. Sagði Geir þá að leitað hafi verið til „vinþjóða“ Íslendinga á umliðnum dögum og vikum og þær beðnar um að koma Íslendingum til aðstoðar. Lánsbeiðnum hafi hvarvetna verið hafnað. Hins vegar hefðu Íslendingar tryggt sér lán hjá rússneskum stjórnvöldum að fjárhæð fjórir milljarðar Bandaríkjadala.

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, átti frumkvæði að því að Íslendingar sæktu stórt lán til rússneskra stjórnvalda. Hann hélt í Austurveg síðsumars 2008 og fundaði með rússneskum ráðamönnum sem voru fúsir að lána, en það voru Vladimir Pútín forsætisráðherra, auk Alexei Kudrin, fjármálaráðherra Rússlands, sem höfðu forgöngu um þetta mál þar austur frá. Alls var um að ræða fimm milljarða Bandaríkjadala, sem skyldu lánaðir með álagi upp á 30 til 50 punkta. Með þeirri upphæð hefði tekist að tvöfalda gjaldeyrisvaraförða Seðlabankans. Frá því síðsumars var málið í „prósess“ í rússneska stjórnkerfinu, hjá fjármálaráðuneytinu þar og seðlabanka. Lánsbeiðnin var allflókin í framkvæmd, þar sem samþykkja þurfti afbrigði frá rússneskum lögum, en umræddir fjármunir voru skilgreindir í einhvers konar „velferðarsjóði“, sem var ætlaður til þjóðþrifamála innanlands. Málið tafðist að auki vegna stríðsrekstrar Rússa í Abkasíu. Loks tilkynnti sendiherra Rússa íslenskum stjórnvöldum að allt væri klappað og klárt. Við svo búið kynnti seðlabankastjóri að lánið skyldi veitt. Hins vegar virtist undir eins koma babb í bátinn og afturkölluðu Rússar lánsloforð sitt skjótt. Helsta ástæða þessa mun hafa verið mikill og skyndilegur gjaldeyriskortur þar eystra. Lán Rússa til Íslendinga varð á endanum um 200 milljónir Bandaríkjadala, eða aðeins 4% af því sem upphaflega var ráðgert.<sup>197</sup>

Davíð Oddsson seðlabankastjóri ítrekaði andstöðu sína við aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í viðtali í Kastljósi ríkissjónvarpsins hinn 7. október. Hins vegar er á færra vitorði að um líkt leyti hafði ríkisstjórnin tekið ákörðun um að leita á náðir sjóðsins. Skyldi það tilkynnt á blaðamannafundi Geirs H. Haarde og Björgvins G. Sigurðssonar í Iðnó. Björgvin kveðst hafa undrast það á umræddum fundi að Geir minntist ekki á umsókn um aðstoð til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Eftir fundinn hefði hann komist að hinu sanna. Á leiðinni frá stjórnarráðinu og út í Iðnó mun Davíð hafa hringt til Geirs og tjáð honum að alls ekki mætti leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann hefði

<sup>197</sup> Tryggvi Þór Herbertsson, viðtal 5. maí 2009.

tryggt lán hjá Rússum og að auki myndu Norðurlöndin einnig lána Íslendingum. Hefði Davíð síðan sjálfur sent úr fréttatilkynningu um málið.<sup>198</sup>

Björgvin telur að íslensk stjórnvöld hafi glatað mikilvægum tíma með því að leita ekki undireins á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Davíð hafi beitt sínum áhrifum til að fresta þeirri ákvörðun. Sú fimm vikna töl sem fylgdi hefði gert vandamálin erfiðari viðfangs og ýtti, að mati Björgvins, undir þá ólgu sem kraumaði í samfélaginu.<sup>199</sup>

Skömmu eftir setningu neyðarlaganna fór Björgvin á fund Norðurlandaráðs í Helsinki. Þar mætti honum talsverður fjandskapur. Skilaboðin hafi verið skýr: Þið verðir að fara á „prógramm hjá IMF“, fyrr verður ekkert lánað. Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, virtist þó sýna Íslendingum samúð, en hann var undantekning. Í kringum 13. október var Björgvin síðan kominn á fund evrópskra utanríkisráðherra í St. Pétursborg og þá sem staðgengill Ingibjargar Sólrúnar. Ráðherrarnir snæddu saman kvöldverð í boði Valentínu Matwiyenko, borgarstjóra Pétursborgar, og sat Björgvin til borðs með henni, en sessunautar hans voru Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, og Carl Bildt, sænskur starfsbróðir hans. Bildt mun hafa verið fjandsamlegur í garð Íslendinga. Hann var beinlínis „hostile“, eins og Björgvin kemst að orði. Björgvin bar Rússalánið í tvígang undir Lavrov sem eyddi talinu. Þá lögðu starfsmenn utanríkisráðuneytisins til að Björgvin ræddi við Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakka. Þar var sama uppi á teningnum.<sup>200</sup>

## 8. október, miðvikudagur

Þennan dag tóku bresk stjórnvöld Heritable bankann í Lundúnum, dótturfélag Landsbankans, og útibú Landsbankans í Lundúnum á grundvelli laga um varnir gegn hryðjuverkum. Fyrirskipun um kyrrsetningu eigna bankans náði ekki einungis til eigna Landsbankans sjálfs, heldur einnig til eigna bankans sem voru í vörslu eða stjórnað var af Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, skilanefnd Landsbankans og ríkisstjórn Íslands. Bretanir lögðu einnig hald á eignir Singer & Friedlander bankans, dótturfélags Kaupþings í Lundúnum.

Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, lét svo um mælt í yfirheyrslu fyrir einni af fastanefndum breska þingsins 3. nóvember 2008 að ástæða þess að Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn Íslendingum hefði verið samtali hans við Árna M. Mathiesen, íslenskan starfsbróður sinn, hinn 7. október. Þá sagði Darling í kjölfar þess að Árni tiltók að Landsbankinn hefði ekki fengið 200 milljóna punda fyrirgreiðsluna: „Veistu, ég skil svo sem afstöðu þína. Þú verður að gera þér ljóst að orðspor þjóðar þinnar bíður hræðilegan hnekki.“

Umráddar aðgerðir breskra stjórnvalda voru til þess fallnar að valda gríðarlegu tjóni, þar sem meðal annars reyndist ekki unnt að selja Heritable bankann sem fyrirtæki í rekstri við svo búið. Beint fjárhagslegt tap vegna þessa nam því um 200 til 250 milljónum punda.<sup>201</sup>

<sup>198</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>199</sup> Sama heimild.

<sup>200</sup> Sama heimild.

<sup>201</sup> Yfirlit um stöðu Heritable bankans, dags. 30. september 2008.

Inngrip þetta olli einnig gríðarlegum erfiðleikum í rekstri útibús Landsbankans. Beiting umræddra laga kom stjórnendum bankans í opna skjöldu, enda voru allar viðræður um lausnir málsins á vinsamlegum nótum og virtist stefna í lausn. Með ýmsum rökum má ætla að bresk stjórnvöld hafi farið út fyrir valdsvið sitt með beitingu laganna, þar sem innlán Landsbankans námu aðeins um 0,5% af heildarinnlánum þar í landi, þ.e. fjórum milljörðum af alls 800 milljörðum punda. Því er fráleitt að ætla að efnahagsstöðugleiki hafi verið í hættu. Engar tilfærslur fjármuna voru heldur fyrirhugaðar sem ógnað gætu efnahagslegum stöðugleika í Bretlandi, þvert á móti hafði Landsbankinn fært fjármuni til breska útibúsins fyrir umrædda helgi og breskum ráðamönnum var vel kunnugt um að bankinn kepptist við að afla 200 milljóna punda til að greiða fyrir hraðvirkri dótturfélagavæðingu Icesave-reikninganna í breska lögsögu.

Hin harkalegu viðbrögð Bretanna gagnvart Heritable bankanum og Singer & Friedlander með beitingu hryðjuverkalaga eru óverjandi þar sem viðkomandi bankar störfuðu samkvæmt leyfum breska fjármálaeftirlitsins. Bretarnir gátu því gengið inn hvenær sem þeim sýndist og gripið til aðgerða gagnvart viðkomandi bönkum, án þess að þurfa að beita hryðjuverkalögum. Bretunum var mikið í mun að ekki yrði skapað fordæmi fyrir því að banki sem kominn var í ríkiseigu gæti hlaupist frá ábyrgðum sínum gagnvart breskum viðskiptavinum. Í Lundúnum starfa tugir þúsunda banka sem eru skráðir og starfa eftir reglum frá á annað hundrað þjóðríkjum. Innistæður breskra viðskiptavina í erlendum bönkum skipta hundruðum milljarða sterlingapunda.

Í kvöldfréttum útvarpsins sagði Geir H. Haarde frá því að samið yrði við bresk stjórnvöld um ábyrgðir á Icesave-reikningum Landsbankans. Í máli forsætisráðherra kom enn fremur fram að íslensk stjórnvöld teldu að hagnaður af sölu eigna Landsbankans erlendis nægði nokkurn veginn til að greiða sparifjáreigendum. Samið yrði við bresk stjórnvöld um það sem upp á kynni að vanta.

## Október og nóvember

Hinn 11. október hófust viðræður íslenskra og breskra stjórnvalda um lausn á því sem þá var farið að kalla „Icesave-deiluna“ og 13. sama mánaðar sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra að hann teldi sölu á eignum Landsbankans fara langt með að ná upp í kostnað vegna Icesave.

Hinn 22. október féllst bankastjórn Seðlabankans loks á að tekið yrði lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Samkvæmt upplýsingum *Morgunblaðsins* var bankastjórn Seðlabankans klofin í afstöðu sinni til lántökunnar fyrst í stað. Ekki þurfti sérstakt samþykki Seðlabankans fyrir láni en ríkisstjórnin vildi vinna að lántökunni í fullri sátt við bankastjórnina.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, fullyrta 1. nóvember að henni hafi ekki orðið ljós erfið staða bankanna fyrr en nokkrum dögum áður en þeir hrundu. Í viðtalinu gagnrýndi hún bankastjórn Seðlabankans harðlega. Sér í lagi fyrir að hafa meinað bönkunum að gera upp í erlendri mynt.

Hinn 3. nóvember tilkynnti forsætisráðherra að hvorki gengi né ræki í viðræðum við bresk stjórnvöld um innistæðutryggingar og 8. nóvember var landslýð orðið kunnugt að alþjóðasamfélagið hyggðist standa í vegi fyrir því að Íslendingar fengu lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, nema að niðurstaða fengist í deilu íslenskra stjórnvalda við Breta og Hollendinga um innistæðutryggingar.

Hinn 4. nóvember notaði Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hugtakið „Icesave-hneykslið“ í umræðu á Alþingi. Forsætisráðherra virtist grípa þetta hugtak á lofti og endurtók það með mikilli áherslu: „Icesave-hneykslið“. Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, tók enn dýpra í árinna degi síðar og sagði að Icesave-reikningarnir væru „glæpsamlegir“. Vildi hann að hafin yrði sakamálaransókn að þessu tilefni.

Sama dag, eða 5. nóvember, lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lánshæfiseinkunn ríkisins fyrir innlendar og erlendar skuldbindingar um marga flokka. Þar á meðal einkunn sem segir til um fjárhagslegan styrk stjórnvalda til að styðja við bankakerfið í kreppu og tryggja innlendar innistæður. Fór sú einkunn niður um fjóra flokka, úr AAA í A1. Um þetta sagði Árni M. Matthiesen fjármálaráðherra: „Ég held að menn eigi ekki að hafa áhyggjur af þessu“. Ríkisstjórnin hefði lýst því yfir að innistæður í íslenskum krónum væru tryggðar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hélt erindi hjá Rótarý-klúbbi nokkrum hinn 10. nóvember. Kvað þar við ámóta tón og hjá Geir fáeinum dögum fyrr. Efnislega sagði hún eftirfarandi:

1. Málefni Icesave-reikninganna væru stærsta vandamál stjórnvalda. Það væri að hennar mati þyngra en tárur taki að einkaaðilar gætu komið þjóðinni í þennan mikla vanda og það með fyllilega lögmætum hætti. Hún vildi með öðrum orðum rekja vandræði samtímans til fyrrverandi stjórnenda Landsbanka Íslands hf.
2. Hún var spurð sérstaklega um það hvað hefði orðið af umræddum innlánum Landsbankans sem hefðu „gufað upp“. Sagði hún þau hafa verið notuð til að styrkja lausafjárstöðu og í einhver útlán, en lét ósvarað spurningunni um að fjármunirnir hefðu „gufað upp“. Þá nefndi hún ekki eignir.<sup>202</sup>

Davíð Oddsson hélt fræga ræðu á morgunfundi Viðskiptaráðs 10. nóvember. Sagði hann að ábendingar um að kalla til lögreglu strax í upphafi bankahrunsins hefðu ekki fengið brautargengi. Spurði hann hvort menn væru að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi. Kvaðst Davíð í ræðunni á morgunfundinum hafa margoft varað við „hættunni af stærð bankanna“. Honum væri kunnugt um það hvað hefði leitt til þess að Bretar beittu ákvæðum laga þar í landi um hryðjuverk, án þess að vilja fara nánar út í þá sálma. Hinn 24. febrúar 2009 gaf hann síðan til kynna að ástæða þess að Bretar kusu að beita þessum umdeildu ákvæðum væri 400 til 800 milljóna punda útstreymi frá Kaupþingi Singer & Friedlander í Lundúnum skömmu fyrir fall bankanna.

---

<sup>202</sup> Minnisblað í vörslu höfundar.

Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, hafði aftur á móti borið fyrir einni af fastanefndum breska þingsins 3. nóvember 2008 að ástæða þess að Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn Íslendingum hefði verið samtal hans við Árna M. Mathiesen, íslenskan starfsbróður sinn, hinn 7. október.

## Að lokum

Yfirmenn Landsbankans, sem höfundur hefur ráðfært sig við, eru allir þeirrar skoðunar að mjög hafi skort á skýra verkstjórn meðal æðstu ráðamanna þjóðarinnar síðustu dagana fyrir hrun bankakerfisins. Ringulreiðin hafi verið alger. Nánast hafi ríkt stjórnleysi að sumra mati. Jón Sigurðsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, mun þó hafa haft allnokkra yfirsýn í þessum málum, ólíkt öðrum embættismönnum. Landsbankamenn hafi ekki gert sér grein fyrir því hver var raunverulegur viðsemjandi þeirra. Fyrirliggjandi viðbragðsáætlunum stjórnvalda hafi ekki verið fylgt, nákvæmar rannsóknir ekki legið til grundvallar ákvörðunum og samanburðarrannsóknir á nokkrum valkostum ekki gerðar.

Stjórnvöld hafa án efa ekki séð fyrir þá atburðarás sem fylgdi í kjölfar þjóðnýtingar Glitnis að þremur fjórðu hlutum, en fram hjá því verður ekki litið að þau skelltu skollaeyrum við tillögum Landsbankans, sem hefðu ef til vill getað komið í veg fyrir algert hrun íslenska fjármálakerfisins.

Það hefur leynt og ljóst verið markmið íslenskra stjórnvalda undanfarinn áratug eða svo að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð til að skjóta fleiri stöðum undir íslenskt atvinnulíf. Skipuð var sérstök nefnd til að koma fram með tillögum um þetta efni, en Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, stýrði starfi hennar. Skilaði hún af sér tillögum í október 2006.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var sérstaklega ymprað á þýðingu alþjóðlegrar fjármálaþjónustu. Orðrétt sagði þar:

Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförunum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi.

Almennt var talið að ríkið bæri óbeina ábyrgð á bönkunum. Íslenskir ráðamenn létu af og til svo um mælt að bankarnir ynnu „með óbeinum hætti í skjóli hins opinbera, ríkisvaldsins“, svo vitnað sé beint til ræðu Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á Alþingi 11. október 1999. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra viðhafði sambærileg ummæli hinn 14. apríl 2008. Orðrétt sagði hún: „Við myndum ekki láta þá [bankana] verða gjaldþrota, eins og staðan er í dag. Ef eitthvað væri að hjá bönkunum væri staðan kannski önnur.“

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, telur að átelja megi stjórnvöld fyrir eitt og annað. Það helsta sé þó að hafa látið það viðgangast að hér risi fjármálakerfi sem velti tólfaldri landsframleiðslu. Byggt hafi verið upp alltof stórt fjármálakerfi á

veikum fæti. Hér beri stjórnámálamennirnir mikla ábyrgð, þeir hafi hvatt fyrirtækin til að sækja fram á erlendum mörkuðum. Hins vegar sé ekki rétt að segja að stjórnvöld hafi sifið á verðinum, að mati Björgvins. Til að mynda hafi Fjármálaeftirlitinu verið beitt til að koma í veg fyrir sameiningu Kaupþings og hollenska bankans NIBC um áramótin 2007/2008. Hefðu áform um sameiningu gengið í gegn hefði stærð Kaupþings tvöfaldast.<sup>203</sup>

Á árunum frá aldamótum fram til ársins í fyrra óx fjármálaþjónusta meira en allar atvinnugreinar á Íslandi samanlagt. Ríkisvaldið naut þess mjög hve fjármálaþjónustan óx, því skatttekjur af fjármálaþjónustu margfölduðust. Velta fjármálakerfisins varð brátt margföld þjóðarframleiðsla, en samt sem áður var gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans ekki styrktur að ráði. Seðlabankinn gat með engu móti þjónað hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara í erlendra mynt. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gagnrýndi þetta í skýrslu í nóvember 2008. Þar sagði:

Ísland hefur leyft bönkunum að vaxa töluvert umfram það sem lánveitandi til þrautavara (Seðlabanki Íslands) getur staðið undir ... mun minnkandi trúverðugleiki og samhliða fall íslensku krónunnar verða til þess að fjárfesting og verg landsframleiðsla dragist mjög saman. Djúp kreppa virðist óumflýjanleg.

Sem kunnugt er Ísland eina landið í heiminum með íbúa innan við eina milljón og býr við sjálfstæða mynt. Í alþjóðlegu hagkerfi bar nauðsyn til að taka upp annan gjaldmiðil eða tryggja meiri stuðning við þann sem fyrir var. Hvorugt var gert og ekki bætti úr skák að peningamálastefna Seðlabankans bar nærri því engan árangur. Sífellt hækkandi stýrivextir leiddu einungis til þess að vaxtamunarviðskipti hófust sem leiddi til óeðlilega hás gengis krónunnar. Kaupmáttur almennings varð meiri en eðlilegt gat talist og því fylgdi mikill viðskiptahalli.

Seðlabanki Íslands gat ekki rækt skyldu sína sem lánveitandi til þrautavara og var eiginlega ekki til neins nýtur að mati sumra bankamanna. Til að mynda fjölgaði starfsmönnum bankans ekkert frá árinu 1997 og varla var nokkru breytt að ráði í starfsháttum bankans frá þeim tíma, þrátt fyrir að bankakerfið hefði margfaldast að umfangi. Einn yfirmanna Landsbankans orðar það svo að Seðlabankinn hafi verið „steinrunninn“. Yfirmenn hans hafi lítt fylgst með og verið eins og „álfar út úr hól“.<sup>204</sup> Af samtölum við heimildarmenn er ljóst að mjög skorti á að traust ríkti milli stjórnenda Seðlabankans annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar.

Landsbanki Íslands og dótturfélög hans störfuðu undir ströngu regluverki, alls sjö evrópskra eftirlitsstofnana. Fyrirverandi bankastjórar Landsbankans fullyrða að engir hnökrar hafi verið verið á samskiptum við þessar stofnanir og að engin útistandandi deilumál hafi verið milli Landsbankans og íslenska Fjármálaeftirlitsins. Áhættu- og lausafjárstarfsemi Landsbankans var til samræmis við viðteknar hugmyndir um trausta

<sup>203</sup> Björgvin G. Sigurðsson, viðtal 30. júní 2009.

<sup>204</sup> 31. ónafngreindi heimildarmaður.

bankastarfsemi og ekkert hefur komið fram sem bendir til annars er stjórnendur Landsbankans hafi farið að lögum í starfsemi bankans.

Höfuðvandi hins íslenska fjármálakerfis var stærð þess í samanburði við þjóðarbúið. Íslenskur seðlabanki hafði enga burði til að vera íslenskum bönkum lánveitandi til þrautavara. Sökum þessa voru íslensku bankarnir valtír á fæti. Í alþjóðlegum samanburði er fátt sem bendir til þess að íslensku bankarnir hafi verið verr reknir en gengur og gerist, til að mynda hvað snertir fjármögnun til langs tíma.

Íslensku viðskiptabankarnir litu vitaskuld einungis til eigin áhættu. Frá sjónarhóli þeirra lék allt í lyndi. Þegar íslenska fjármálakerfið er skoðað í heild kom allt önnur mynd í ljós. Stjórnvöld höfðu sofið á verðinum. Er alþjóðleg fjármálakreppa skall á, dýpri kreppa en áður hafði þekkt, var íslenska fjármálakerfinu bráður bani búinn.

Reykjavík, 6 ágúst 2009

Björn Jón Bragason  
sagnfræðingur